

Læturinn

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar



Umdæmisping
2004 Hafnarfirði





ÉR FYRIRTÆKIÐ AÐ SELJA OG ÞJÓNUSTA BÚNAÐ?

Microsoft Navision er ný kynslóð af Navision hugbúnaðinum sem hlotið hefur mikla útbreiðslu innanlands sem utan. Kerfið er öflugt tæki til stjórnunar samskipta og þjónustu og býður upp á framsæknar nýjungar í fjármálastjórnun.

Nýjar aðgerðir í Microsoft Navision auðvelda fyrirtækjum að gera dagleg stjórnunarstörf skilvirkari og að nota Internetið til að bregðast við nýjum tekjumöguleikum með skjótum og árangursríkum hætti.

Frekari upplýsingar er að finna hjá sölumönnum okkar, sala@landsteinarstrengur.is, og á heimasíðu Landsteina Strengs, www.landsteinarstrengur.is.

Landsteinar Strengur er stærsti söluaðili viðskiptahugbúnaðar frá Microsoft Business Solutions á Íslandi og einn stærsti þróunar- og söluaðili Microsoft sérlausna á erlendum mörkuðum. Reynslan sýnir að viðskiptalausnirnar Microsoft Navision, Microsoft XAL og Microsoft Axapta henta íslenskum fyrirtækjum afar vel, enda er Landsteinar Strengur í forystu á heimsíðu um þróun dreifingar- og verslunarlausna.

Við bjóðum þrjár
megingerðir lána:

1 Verðtryggð lán í
íslenskum krónum
með föstum eða
breytilegum
vöxtum.

2 Gengistryggð lán í
erlendum myntum
skv. myntkörfu
Landsbankans.

3 Blönduð lán í
erlendum myntum
(gengistryggð) og í
íslenskum krónum
með föstum vöxtum
(verðtryggð).

Fastir verðtryggðir
vextir frá **5,4%**

Tækifæri til framkvæmda og hagræðingar

Landsbankinn býður fjölbreytt fasteignalán með lágum vöxtum og sveigjanlegum endurgreiðsluskilmálum. Lánað er til allt að 40 ára og hámarksveðsetning getur numið allt að 80% af söluverðmæti eignar. Lánað er til fasteignakaupa, endurfjármögnunar á lánum eða til endurbóta á fasteign. Lögð er áhersla á eins stuttan afgreiðslutíma og kostur er.

Ráðgjöf og nánari upplýsingar hjá Fasteignaþjónustu Landsbankans
og í útibúum bankans um allt land.





Ávarp umdæmisstjóra



Bjarni Þórðarson
umdæmisstjóri Rótarýumdæmisins á Íslandi 2003-2004

Enn á ný koma íslenskir rótarýmenn saman til umdæmisþings og nú í Hafnarfirði. Þessi árlega samkoma hefur margþættu hlutverki að gegna. Formótið er fræðslufundur fyrir verðandi forustumenn í klúbbunum og þar eru þeim kynntar skyldur þeirra sem embættismanna. Umdæmisþingið sjálft þjónar tilgangi sem eins konar aðalfundur umdæmisins en einnig skal þar fjallað um málefni Rótarýs og klúbbanna í umdæminu. Þá er umdæmisþingið einnig árhátið rótarýmanna í umdæminu en hefð er fyrir því að á lokakvöldi þingsins koma þingfulltrúar saman ásamt mökum sínum og fleiri gestum til glæsilegrar veislu.

Mikil tímamót verða í Rótarý á næsta ári er hreyfingin fagnar 100 ára afmæli sínu. Sá heimur sem blasir þá við rótarýmönnum er gjörólíkur þeim heimi sem blasti við Paul Harris og félögum hans er þeir gengu til fyrsta fundarins á nöprum febrúardegi 1905. Rótarý hefur vaxið og dafnað á þessari öld og hefur bætt lífsgæði félaganna og miklu meira margra samferðamanna okkar, sérstaklega í þriðja heiminum. Hreyfingin hefur alla burði til þess að halda sínu merki hátt á lofti og ljá víða hönd að góðum verkum. Engu að síður má merkja blikur á lofti. Það er hörð samkeppni um starfskrafta leiðandi manna og kvenna, bæði á vinnumarkaði sem og utan vinnu. Veruleg fækkun hefur orðið í ýmsum klúbbanna og erfiðlega gengur að fylla í skörðin, er þeir skilja eftir sig, sem hverfa á braut af ýmsum ástæðum. Þetta vandamál er ekki sértækt fyrir íslenska umdæmið því víða á Norðurlöndum glíma félagar okkar þar við þetta sama vandamál.

Alheimsforsetar hafa lagt mikla áherzlu á að bregðast við þessum vanda og helst að fjölga verulega í hreyfingunni en næg verkefni eru fyrir fleiri hendur. Við tökum þessari áskorun og munum leggja okkur fram í þessu efni en fyrst verðum við að greina vandann og finna skýringar á honum. Síðan þurfum við að reyna að finna leiðir til þess að leysa hann.

Á þessu þingi munum við leggja höfuðáhersluna á þetta þema. Hvernig fjölgum við félögum í hreyfingunni og sköpum þeim þannig umhverfi þar að sem fæstir þeirra hverfi á braut af því að þeir finna ekki samhljóminn í félagsskapnum?

Ágætu rótarývinir og gestir. Verið velkomin til þingsins hér í Hafnarfirði og ég vænti þess að við verðum öll margs vísari að þingi loknu svo og munum við hafa kynnst mörgum nýjum rótarývinum og vinum rótarýs. Hafnfirskir rótarýfélagar munu gera þetta að góðu umdæmisþingi.

Fimm hafnfirskir umdæmisstjórar

Fyrsti umdæmisstjóri íslenska Rótarýumdæmisins var Helgi Tómasson og gegndi hann því starfi í 2 ár en áður höfðum við verið hluti af danska umdæminu. Hafnfirðingar hafa nú átt fimm umdæmisstjóra íslenska Rótarýumdæmisins.

Fyrstur til að gegna þessu embætti var Þorvaldur Arnason starfsárið 1954-55 og sá Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar um þing í Reykjavík. Sverrir

Magnússon var umdæmisstjóri 1965-66 og var þing haldið að Laugarvatni.

1974-75 var Valgarð Thorodsen umdæmisstjóri og var þingið haldið að Laugarvatni. Stefán Júlíusson var síðan umdæmisstjóri árið 1987-88 og var þingið haldið í Hveragerði.

Allir þessir félagar eru nú látnir.

Bjarni Þórðarson gegnir nú starfi umdæmisstjóra og tekur Egill Jónsson í Garðabæ við honum nú á þinginu.



Bjarni Þórðarson tekur við embætti af Sigurði Símonarsyni.



Velkomin á umdæmisþing



Guðmundur Rúnar Ólafsson
tannlæknir, rótarýfélagi frá 1986
forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar

Það er með mikilli ánægju sem við félagar í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar bjóðum ykkur, kærur rótarýfélagar, til þessa umdæmisþings í Hafnarfirði.

Þetta er í fimmta sinn sem umdæmisstjóri kemur úr röðum okkar klúbbs og því sömuleiðis í fimmta sinn sem klúbburinn okkar sér um framkvæmd umdæmisþingsins. En þrátt fyrir það er þetta í fyrsta sinn sem þingið er haldið í Hafnarfirði, og því er það okkur talsvert metnaðarmál að vel takist til og allir njóti þess vel að vera með okkur þessa helgi og e.t.v. að upplifa eitthvað af því sem Hafnarfjörður hefur upp á að bjóða fyrir aðkomufólk. Við erum stolt af bænum okkar, eins og trúlega hefur ekki farið fram hjá öðrum landsmönnum, og viljum gjarnan geta sýnt ykkur hans bestu hliðar.

Það er rúmt ár liðið síðan hafist var handa við að leggja fyrstu drög að þessu þinghaldi, skipa undirbúningsnefnd og kalla fjölmarga klúbbfélaga til hinna ýmsu starfa varðandi undirbúning þingsins, og eiga þau öll bestu þakkir skildar fyrir mikið og óeigingjarnt starf. Vonandi kemur þingið til með að endurspeglar þann mikla kraft og góða félagsanda sem hefur einkennt starf klúbbsins okkar undanfarin ár, og smita þannig út frá sér til annarra klúbba og verða öllum rótarýfélögum hvatning til góðra verka í anda rótarý.

Hjartanlega velkomin til þessa 54. umdæmisþings og megum við eiga ánægjulega daga saman, hér í Hafnarfirði helgina 25.-27. júní n.k.

Guðmundur Rúnar Ólafsson,
forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar



Efnisyfirlit

Actavis	18
Af Vestur Íslendingum - Árni Helgason	40
Allt fyrir æskuna	17
Brautryðjandinn Jóhannes J. Reykdal	26
Bærinn rífur af sér þokuna á sjómannaþegi.....	16
Fimm hafnfirskir umdæmisstjórar	4
Forsetar og ritarar 2004-2005.....	36
Frumkvöðull og fagurkeri - Sverrir Magnússon	34
Fyrri umdæmisstjórar úr Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar	39
Færeysk vinátta	33
Hellisgerði	10
Hundruðir hella á Reykjanesi	20
Inner Wheel	24
Í norska bústaðnum	6
Í vetrarbúningi	29
Jólamerki frá 1958	22
Margvíslegur ávinningur af þjónustuveri	14
Minnismerki um fyrstu lútersku kirkjuna	8
Rótarýgolf	24
Sultan	41
Svípmyndir frá umdæmisþingi í Vestmannaeyjum.....	25
Til Brussel	30
Þorablótin	41

Lækurinn

Útgefandi: Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

Ritstjóri: Guðni Gíslason

Auglýsingar: Sigurjón Pétursson, Páll Pálsson og fl.

Sérleg aðstoð: Kristjana Þ. Ágeirsdóttir

Forsíðumynd: Gísli Guðnason

Útlit og umbrot: Hönnunarhúsið

Upplag: 1.800

Prentun: Steinmark

Undirbúningsnefnd fyrir umdæmisþingið:

Við undirbúning umdæmisþingsins hefur mikil vinna lagst á herðar fjölda margra klúbbfélaga undir forystu þeirra Hjalta Jóhannssonar, formanns og Skúla Valtýssonar, varaformanns undirbúningsnefndarinnar. Má þar nefna Albert J. Kristinsson, Almar Grímsson, Bessa H. Þorsteinsson, Bjarna Þórðarson, Einar Eyjólfsson, Eyjólf Þór Sæmundsson, Guðmund Rúnar Ólafsson, Guðna Gíslason, Gunnar Gunnarsson, Gunnhildi Sigurðardóttur, Gylfa Sigurðsson, Hallfríði Helgadóttur, Hjördísi Guðbjörnsdóttur, Jóh. Pálma Hinriksson, Jón Bergsson, Kristján Stefánsson, Pál Pálsson, Sigurð Björgvinsson, Sigurjón Pétursson, Sigurþór Aðalsteinsson, Sigþór Jóhannesson, Steingrím Guðjónsson og Trausta Sveinbjörnsson auk fjölda annarra klúbbfélaga, sem kallaðir hafa verið til ýmissa verka við framkvæmd þingsins.



Kæru Rótarývinir í umdæmi 1360 á Sagaeyjunni í vestri



Henning Ivarud
ásamt eiginkonu sinni Ingebjörg

Þau dvelja á umdæmisþinginu í Hafnarfirði sem fulltrúar Rótarý-umdæmanna á Norðurlöndum

Ingebjörg og ég þökkum fyrir boðið á umdæmisþing ykkar og hlökkum til þessarar gagnkvæmu heimsóknar eftir að Kristín og Bjarni hafa einmitt verið gestir okkar í umdæmi 2270 hér í Bodö og Norður-Noregi.

Samband Íslands og Noregs hefur verið náíð um langt skeið. Hinar sögulegu rætur eru sterkar og eiga upphaf sitt er norskir víkingar sigldu skipum sínum til Sögueyjunnar á 9. öld.

Þetta er fyrsta heimsókn mín til Íslands en Ingebjörg hefur þegar verið hér tvisvar, þannig að hún veit mikið um landið og hefur hrifist af því.

Í kveðju sinni til okkar lét Bjarni í ljósi áhugaverðar hugleiðingar um samstarf milli landanna, sem við erum sammála og vonum að unnt verði að vinna að.

Rótarý - Quo Vadis? var og er okkar meginviðfangsefni. Hvar erum við/Hvert stefnum við í Rótarý, bæði á heimavettvangi sem alþjóðlega? Í Norður-Noregi eigum við í vanda með að halda félögunum í klúbbunum svo og að fá nýja féлага til liðs við okkur. Ef okkur á að takast þetta hvoru tveggja þurfum við stöðugt að hafa þetta þema á dagskrá? Samfélagið er í stöðugri þróun og Rótarý verður að taka mið af því. Í þessari umræðu um för okkar áfram tel ég ljóst að við verðum að líta til upphafsins 1905 þegar Paul Harris hóf þessa vegferð. Við verðum að byggja áfram á hinu sérstaka við Rótarý; blöndun starfsgreinanna, vináttuna og tengslin sem skapast þvert á allar starfsgreinar. Á þessum grundvelli hygg ég að við í Rótarý getum fundið okkar eðlilega hlutverk í þjóðfélaginu í dag. Á grunni hinna fjögurra stöða Rótarýs og í ljósi einkunnarorðanna „Þjónusta ofar eigin hag“ getum við unnið samfélaginu mikið gagn. Við getum einnig notað einkunnarorð ársins „Ljáðu hönd“ áfram í þessu sambandi.

Við Ingebjörg hlökkum til daganna með ykkur rótarývinir í umdæmi 1360. Við gerum ráð fyrir minnisstæðum og áhugaverðum lokum á starfsárinu 2003-04. Það verður forvitnilegt að sjá hvort Bjarni umdæmisstjóri og hans menn geta keppt við góða, hlýja veðrið sem við buðum upp á í Bodö.

Bestu kveðjur til ykkar frá Ingebjörg og Henning umdæmisstjóra í D2270

Í norska bústaðnum

Normannslaget eru samtök Norðmanna á Íslandi og eiga þau bústaðinn Torgeirstaðir í Heiðmörk.

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar hélt þar fund sl. sumar þar sem félagi okkar Guðbjartur Einarsson og Sissel Einarsson elduð forlata mat að norskum sið og síðan fengum við leiðsögn um skóginn.

Ávallt skemmtilegt að brjóta upp hefðbundinn fund á þennan hátt.





Kveðja frá forseta Rotary International



Jonathan B. Majiyagbe
frá Kano í Nígíeríu,
rótarýfélagi frá 1969
forseti Rotary International

Kæru rótarývinir og gestir á þingi umdæmis 1360.

Ég sendi mínar bestu kveðjur til hvers og eins ykkar sem sækid þetta umdæmisþing starfsársins 2003-2004. Ég vil þakka Bjarna Þórðarsyni, umdæmisstjóra, og nefndarmönnum undirbúningsnefndarinnar fyrir ötult og gott starf við að setja saman dagskrá þingsins þar sem lögð er áherzla á rótarýfræðslu, skemmtun og samveru. Ég vona að þið kynnist nýjum vinum, endurnýjið vináttutengsl, en fyrst og fremst að þið vikkið sýn ykkar á rótarýhugsjónina með auknum skilningi á rótarýþjónustunni.

Þar sem meir en 500 umdæmisþing verða haldin víðs vegar um heiminn er það ekki gerlegt fyrir mig að sækja öll þing þessa árs eins og ég hefði gjarnan viljað. Þess vegna hefi ég beðið frábæran rótarýmann að vera fulltrúa minn á þingi ykkar. Ég bið ykkur um að taka vel á móti fulltrúa forseta ykkar, Johan Daae-Qvale og konu hans Marit. Ég veit að þið munuð njóta samvistanna við þau sem og hvatningar hans á þinginu.

Ég hefi beðið Johan að hvetja ykkur til þess að „Ljá hönd“ þeim sem hjálpar eru þurfi. Með sameinuðum styrk allra rótarýfélaga verðum við berjast gegn fátækt í samfélögum okkar. Við verðum að klæða hina klæðlausu, metta hina hungruðu, veita hinum heimilislausu húsaskjól og vinna gegn því misrétti sem leiðir til árekstra og ofbeldis. Finnið leið til að „Ljá hönd“ í klúbbum ykkar, starfsgrein og samfélagi, svo og heimsbyggðinni allri með því að auka alþjóðlegan skilning og stuðla að friði.

Jonathan B. Majiyagbe

Fulltrúi forseta RI



Johan Chr. H. Daae-Qvale
fulltrúi forseta Rotary International á þinginu ásamt eiginkonu sinni Marit

Fulltrúi forseta Rotary International á umdæmisþinginu verður Johan Chr. H. Daae-Qvale.

Johan er fæddur 1938 og gerðist félagi 1974 í Örskog Rotaryklubb sem er í umdæmi 2280 en bærinn Örskog er skammt frá Álasundi í Noregi.

Johan hefur verið mjög virkur rótarýfélagi. Hann var forseti í klúbbi sínum 1991-92 og umdæmisstjóri 1997-98.

Þá hefur hann átt sæti í fjölmörgum nefndum umdæmisins, oft sem formaður. Nú gegnir hann starfi sem „Coordinator Zone 16 Polio Plus Partners Task Force“ og jafnframt er hann fulltrúi í löggjafarráðinu. Hann var leiðbeinandi verðandi umdæmisstjóra nú í febrúar í Anaheim.

Johan er fulltrúi fyrir starfsgreinina „Timburiðnaður-Markaðsráðgjöf“. Hann er landbúnaðarverkfræðingur frá Norska búnaðarháskólanum. Hann hefur verið ráðgjafi fyrir ýmsa aðila, m.a. UNCTAD-GATT og NORAD (Norska Iðnþróunarstofnunin). Hann hefur komið nokkrum sinnum til Íslands.

Eiginkona hans heitir Marit og eiga þau tvær dætur, Camille og Agathe.

Velkomin til Hafnarfjarðar



Lúðvík Geirsson
bæjarstjóri í Hafnarfirði

Ágætu rótarýfélagar!

Í nær 6 áratugi hefur Rótarýhreyfingin átt öflugri liðssveit á að skipa hér í Hafnarfirði þar sem er Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar auk þess sem Rótarýklúbburinn Straumur var stofnaður með tilstilli Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar. Allt frá upphafi hafa rótarýfélagar víða látið til sín taka og klúbburinn hafa forystu um ýmis framfaramál hér innan bæjarfélagsins. Má þar nefna varðveislu húss Bjarna riddara Sívertsen, uppgræðslu og fegrun bæjarlandsins og ekki síst öflugan stuðning við ungt og efnilegt námsfólk.

Það hefur alla tíð verið breið og öflug liðssveit vaskra Hafnfirðinga sem hafa skipað sér undir merki og forystusveit rótarýhreyfingarinnar hér í bænum. Það er ótvíræður styrkur þessa ágæta félagsskapar, en um leið er það mikill og góður styrkur og stuðningur fyrir bæjarfélagið. Þess hefur Hafnarfjarðarbær notið með margvíslegu móti á liðnum áratugum og fyrir það ber að þakka.

Umdæmisþing rótarýhreyfingarinnar er nú haldið í fyrsta sinn hér í Hafnarfirði. Fyrir hönd bæjarstjórnar Hafnarfjarðar býð ég þingfulltrúa velkomna til bæjarins og til þingstarfa. Það er okkur heiður að fá svo góða gesti til bæjarins og geta um leið kynnt og sýnt ykkur þá miklu uppbyggingu og þróun sem hefur orðið hér í „bænum í hrauninu“.

Með hlýrri kveðju og ósk um að þið njótið bæði sumarblíðunnar og hins sérstaka hafnfirska umhverfis og menningarbrags.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri

Minnismerki um fyrstu lútersku kirkjuna

Minnismerki um fyrstu lútersku kirkjuna á Íslandi var afhjúpað í Hafnarfirði 1. júlí 2003.

Það var listamaðurinn Hartmut Wolf, „Lupus“ sem gerði listamerkið sem stendur ekki langt frá þeim stað sem kirkjan stóð á Háagrandu.



Frú Christina Rau, frú Hanna Björk Lárusdóttir, hr. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri, hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og dr. Johannes Rau forseti Þýskalands.



Hafnfirsir krakkar taka á mót þýska forsetanum.

Kirkjan var helsta samkomuhús Hansakaupmanna á Íslandi. Síðast var messað í kirkjunni haustið 1603, en hún var tekin niður árið 1608 að tilskipan Kristjáns IV. Danakonungs.

Jóhannes Rau, forseti Þýskalands og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands afhjúpuðu listaverkið við hátíðlega athöfn.



Hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands blessaði minnismerkið.



Símtækni og tölvutækni eiga nú góða samleið hjá Opnum kerfum

Opin kerfi ehf. hafa keypt samskiptasvið Grunns ehf. og sameinað þjónustu- og söludeildir. Við bjóðum nú viðskiptavinum ráðgjöf um vörur og þjónustu frá sérfræðingum sem hafa yfirgripsmikla reynslu og þekkingu í sím- og tölvutækni. Undanfarið hefur þróunin verið hröð og þessi tvö svið tækninnar verða sífellt tengdari. Með vali á réttum búnaði og þjónustu geta viðskiptavinir hagrætt umtalsvert og sótt ný tækifæri.

OPIN KERFI

www.ok.is / Sími 570 1000

Hellisgerði

Jónatan Garðarsson:

Hellisgerði er skruð- og skemmtigarður Hafnarfjarðar vestan Reykjavíkurvegur, norðan Hellisgötu og sunnan Skúlaskeiðs. Hellisgerði er nefnt eftir Fjarðarhelli sem er fyrir miðju garðsins. Þegar bændur úr Ölfusi og Selvogi komu í kaupstað til Hafnarfjarðar fyrr á öldum áttu þeir það til að slá upp tjöldum sínum við hellinn eða gista í honum.

Áður en Hafnirfjarðingur hófu skipulegar tilraunir með trjárækt í bænum voru nokkrar trjáplöntur við Fjarðarhelli. Anna Cathinca Jürgensen Zimsen, móðir Knud Zimsen borgarstjóra í Reykjavík, ræktaði blóm og grænmeti í vermireitum í lautunum bakvið Akurgerðishúsin a seinni hluta 19. aldar. Zimsen fjölskyldan bjó í Knudtzonshúsi, sem Bjarni Sívertsen kaupmaður lét byggja 1803-5, og nefnist í dag Sívertsenhús. Anna Cathinca fylgdist af miklum áhuga og innileik með gróðrinum í kringum hellinn. Eiginmaður hennar, Knud Due Christian Zimsen verslunarstjóri Knudtzonsverslunar, lét girða og friða allstórt svæðið í kringum Fjarðarhelli seint á 19. öld. Reiturinn var kallaður Hellisgerði, en gerði er annað nafn á hlöðnum varnargarði eða grjótgirðingu. Í ævisögu Knud Zimsen „Við fjörð og vík“ sem Helgafell gaf út 1948, segir á bls. 25: „*Nokkrum sinnum á hverju sumri var kaffi drukkið á sunnudögum í Hellisgerði eða suður á Hvaleyri, en þar hafði faðir minn túnblett.*



Útan. Gísli Gunnarsson



Frá Jónsmessuhátíð í Hellisgerði árið 1923.

Vestast í Hellisgerði var grashóll, er faðir minn hafði látið gera. Á hann var dúkur breiddur og kaffið drukkið þar. Hóll þessi var því ætíð kallaður Borðið. Hlóð voru einnig sett upp í Gerðinu, og fluttum við því stundum hitunaráhöld með okkur þangað. Við það fékk viðvöl okkar þar efra nokkurn svip af útilegu, og það þótti okkur krökkunum ekki einskis virði. Þótt ekki væri langt í Hellisgerði heiman að frá okkur, þótti tilbreyting í að fara þangað upp eftir, en meira fannst okkur samt til um að komast suður á Hvaleyri.“

Þessi frásögn sannar að það var dönsk factorsfrú sem átti hugmyndina að friðun gróðursvæðisins í kringum Fjarðarhelli. Frekari vísir að trjágarði í Hellisgerði varð síðan til þegar Gísli Gunnarsson gróðursetti þar fleiri tré nokkru eftir aldamótin 1900.

Málfundafélagið Magni vill vernda hraunið

Árið 1920 var Málfundafélagið Magni stofnað af 18 Hafnirfjarðingum, þar af 2 innfæddum. Meðal þess sem rætt var á fundum félagsins voru margskonar framfaramál. Á málfundi Magna sem haldinn var 15. mars 1922 flutti Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri Dvergs erindi þar sem hann hvatti til þess að reynt yrði að vernda sérkenni Hafnarfjarðarhrauns. Á þessum tíma stækkaði bærinn hratt, hraunborgir voru brotnar niður, gjótur fylltar og hraunið sléttað með tilheyrandi umbyltingu þess. Guðmundur lagði m.a. til að félagsmenn

kæmu upp blóma- og skemmtigarði þar sem hægt væri að rækta fjölbreytt



Útan. Gísli Gunnarsson



an gróður. Honum þótti mikilvægt að gæta þess að sérkenni hraunlandslags fengju að halda sér óskert. Hellisgerði þótti ákjósanlegur staður og haustið 1922 veitti bæjarstjórn félaginu yfirráð gerðisins, gegn því skilyrði að skemmtigarðurinn yrði opinn almenningi að sumarlagi. Félagsmenn Magna hófust strax handa, girtu Hellisgerði og útbjuggu steinsteyptan ræðupall nærri Fjarðarhelli. Verkinu var lokið vorið 1923 og til að standa straum af kostnaðinum var efnt til Jónsmessuhátíðar í Hellisgerði 24. júní það ár. Skemmtunin tókst það vel að hún varð að föstum lið í starfsemi Magna og aðal fjáröflunarleið félagsins um árabíl.

Á haustdögum 1923 var skipulagskrá samin fyrir skemmtigarðinn og var tilgangurinn þríþættur:

- Að vera skemmtistaður, þar sem bæjarbúar eiga kost á að njóta ánægju og hvíldar í tómstundum sínum.
- Að vekja áhuga bæjarbúa á blóma- og trjárækt.
- Að geyma óraskaðar minjar um hið sérkennilega bæjarstæði Hafnarfjarðar, þegar mannvirki framtíðarinnar hafa máð þær út annars staðar í bænum.

Fimm manna garðráð stjórnaði starfseminni og hélst sú skipan mála til 1977 þegar starfsemi Magna lagðist í dróma. Eftir það hefur umsjón Hellisgerðis verið á ábyrgð garðyrkju-



stjóra Hafnarfjarðar.

Jónsmessu- og þjóðhátíðir

Á fyrstu ræktunarárum Hellisgerðis voru skemmtanir haldnar á Óseyri, Víðistöðum eða í Engidal til að hlífa gerðinu, en frá 1939 til 1960 var Jónsmessuhátíðin jafnan haldin í Hellisgerði. Á síðari hluta 20. aldar var tekinn upp sá siður að hefja þjóðhátíðardaginn 17. júní á samkomu og helgistund í Hellisgerði. Síðan fer skruðganga með Lúðrasveit Hafnarfjarðar í broddi fylkingar um götur bæjarins að hátíðarsvæðinu á Víðistöðum. Jónsmessuskemmtanir hafa einnig verið endurvaktar.

Vorið 1924 hófst skipulögð trjárækt í Hellisgerði undir stjórn Ingvars Gunnarssonar kennara, sem var fastráðinn starfsmaður og forstöðumaður Hellisgerðis til dauðadags 1962. Það reyndist erfiðleikum bundið að hefja ræktun því jarðvegurinn var grunnur. Mikið magn af mold var borið eða ekið í garðinn til að gróðursetning væri framkvæmanleg. Á næstu áratugum var ræktunarstarfinu haldið áfram, ógrynni af jarðveg bætt í garðinn og fjölda blómjurta og fjölskrúðugra trjátegunda plantað út í Hellisgerði.

Gerðið stækkað

Veturinn 1926-27 fékk Magni aukið landsvæði til umráða og var garðurinn þá orðinn 4000 fermetrar að stærð. Þegar skipulagsuppdráttur bæjarins var samþykktur 1933 var gert ráð fyrir frekari stækkun garðsins, enda var farið að tala almennt um Hellisgerði sem mikinn dýrgrip fyrir bæinn. Það var samt ekki fyrr en vorið 1960 sem Magni fékk 6000 fermetra viðbótarsvæði umhverfis Oddrúnarbæ og meðfram Skúlaskeiði.

Veturinn 1942 var ákveðið að útbúa tjörn með gosbrunni í einni af gjótum garðsins. Útgerðarfélag í bænum greiddu stærsta hluta kostnaðarins við framkvæmdina en einnig lögðu einstaklingar til fjármuni svo af þessu gæti orðið. Hjónin Bjarni Snæbjörns-son læknir og Helga Jónasdóttir gáfu styttna „Yngsti veiðimaðurinn“ eftir Ásmund Sveinsson. Hún er af dreng sem heldur á fiski sem vatn gýs upp



Ífrn: Góla Erléna

úr. Gosbrunnurinn var afhjúpaður á Jónsmessuhátíðinni 1942. Styttna skemmdist þegar tjörninni var breytt um 1980 og eftir það var henni komið fyrir í geymslu. Rætt hefur verið um að rétt sé að endurgera gosbrunninn og koma styttnu aftur fyrir á sínum gamla stað.

Árið 1945 gáfu útgerðarfélagin Hrafna-Flóki og Vífill 25 þúsund krónur í tilefni 25 ára afmælist Magna til að gera styttnu af föður Hafnarfjarðar Bjarna riddara Sívertsen. Ríkharður Jónsson var fenginn til að gera brjóstmynd af Bjarna og stendur styttnan á stalli úr hraungrjóti sem flutt var úr Selvogi, þar sem Bjarni hóf verslunarstarf sitt. Þórdís Bjarnadóttir afkomandi Bjarna Sigurðssonar afhjúpaði styttna haustið 1950. Lágmynd af Guðmundi Einarssyni var komið fyrir á klettavegg við Fjarðarhelli og afhjúpuð 1963. Á myndinni stendur: „Guðmundur Einarsson, frumkvöðull um vernd og ræktun Hellisgerðis 1923“.



Ífrn: Góla Erléna

Rómantískur staður

Frómh. á næstu síðu

Erfiður rekstur

Það reyndist mjög kostnaðarsamt fyrir Magna að koma þessum sælureit upp í hjarta bæjarins og viðhalda honum. Hinar árlegu Jónsmessuskemmtanir stóðu ekki undir rekstrinum svo félagið lét útbúa sérstök styrktarkort, gaf út jólakort, hélt hlutaveltur, seldi blóm og trjáplöntur og leitaði til fyrirtækja og einstaklinga í bænum um fjárstuðning. Bæjar sjóður hefur einnig komið að rekstrinum með beinum eða óbeinum hætti frá fyrstu tíð. Það má því segja að bæjarbúar hafi lagt sitt af mörkum til að fegra og viðhalda skrudgardinum Hellisgerði í gegnum tíðina.

Ingvar Gunnarsson var forstöðumaður Hellisgerðis í 38 ár. Eftir andlát hans 1962 varð Sigvaldi Jóhannsson garðyrkjumaður forstöðumaður, en hann varð fastur starfsmaður Hellisgerðis 1944. Þessir tveir einstaklingar áttu öðrum fremur stærsta þáttinn í ræktun garðsins. Svavar Kærnested garðyrkjumaður tók við af Sigvalda og annaðist garðinn til 1971. Þá var nokkuð farið að fjara undan starfsemi Magna og garðráði Hellisgerðis og lét garðurinn verulega á sjá. Undir lok áttunda áratugarins tók Hafnarfjarðarbær við Hellisgerði. Garðurinn var settur undir garðyrkjustjóra bæjarins og blómaflokk unglíngavinnunnar sem hafa síðan annast garðinn. Nú fellur Hellisgerði undir verksvið Björns Bögeskov Hilmarssonar garðyrkjustjóra Hafnarfjarðarbæjar.

Árið 1999 var útbúinn reitur í Hellisgerði fyrir Bonsaitré sem bænum áskotnuðust. Trjánur er komið fyrir í garðinum á vorin en þau eru geymd innan dyra yfir vetrarmánuðina. Þessi dvergtré hafa verið ræktuð með sérstakri aðferð sem Japanar hafa þróað í gegnum aldirnar.

Sívertsenhús lagfært – þáttur Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar

Árið 1945 kom upp hugmynd um að taka Sívertsenhúsið af grunni sínum við Akurgerðismöl og flytja það í Hellisgerði. Rætt var um að útfæra einskonar verndarsvæði gamalla húsa í anda Árbæjarsafnsins í Hellisgerði. Skipuð var nefnd til að



Hilmar - Kopti - lang

vinna að flutningi Sívertsenhúss en málið dróst á langinn, enda hefði þessi framkvæmd eflaust stefnt skrudgardinum í hættu. Ástand Sívertsenhúss versnaði stöðugt og árið 1964 lagði Bjarni Snæbjörnsson lækni til að félagar í Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar stuðluðu að varðveislu og endurgerð elsta húss bæjarins. Þeir bundust samtökum við framámenn í íþróttahreyfingunni og öðrum félögum um að ráðast í þetta verk og ákveðið var að endurbyggja húsið á sínum upprunalega stað. Þar með var fallið frá þeirri hugmynd að flytja Sívertsenhús og fleiri sögufræg hús í Hellisgerði.

Vestan og austan við Hellisgerði stóðu gömul hús sem voru rifin á seinni hluta síðustu aldar. Austarlega í garðinum stendur ennþá lítið kot þar sem stundum er hægt að kaupa kaffi og viðbit. Þetta er Oddrúnarbær,

nefndur eftir Oddrúnu Oddsdóttur frá Snæfellsnesi sem bjó í húsinu frá 1950 til 1980. Húsið er með bæjarlagi og dæmigert fyrir litlu kotin sem byggðust við götutroðningana sem lágu víða um bæinn í hrauninu um aldamótin 1900. Oddrúnarbær, sem reis árið 1924 rétt austan Hellisgerðis, er talinn síðasti bærinn sem byggður var með þessu lagi í Hafnarfirði.

Söfnunarbaukurinn

Aðalinngangur Hellisgerðis var lengst af við miðja Hellisgötu. Þar var farið um járnhlíð á rammgerðri steingirðingu og þegar gengið var inn stíginn blasti við gestum söfnunarbaukur Magna sem vakti óskipta athygli. Þetta var nokkuð stórt höfuð úr bronsi sem rak út úr sér tunguna. Það var síður að leggja smámynt á tunguna sem höfuðið gleypti um leið og öðru eyranu var snúið. Þegar Hellisgerði var stækkað til austurs um 1980 var aðalinngangur garðsins færður að Reykjavíkurvegi þar sem blómasala Magna var lengst af starfrækt. Sumarið 2001 var myndarlegt gerði úr hraungrjóti hlaðið við þennan inngang og ýmsar fleiri lagfæringar gerðar á Hellisgerði. Þessi skrudgarður Hafnfirðinga hefur verið bæjarprýði og stolt íbúanna í rúmlega átta áratugi.

Höfundur er tónlistarfrömuður og áhugamaður um minjar og sögu byggðar í Hafnarfirði.



Hilmar - Kopti - lang

Það getur allt gerst!



Lífið er skrytið og skemmtilegt. Það færir okkur daglega undur af öllum stærðum og gerðum – sum góð og önnur verri. Með góðum váttryggingum getum við dregið úr þeim áföllum sem oft fylgja óhöppum og notið áhyggjulaus þess góða sem lífið hefur að bjóða.

Njóttu lífsins – áhyggjulaus



SJÓVÁ-ALMENNAR

Margvíslegur ávinningur af þjónustuveri

Jón Halldór Jónasson, þjónustustjóri:

Þjónusta er hornsteinn í starfi sveitarfélaga og það er því mikilvægt að starfsmenn og stjórnendur haldi vöku sinni í því sambandi. Mörg sveitarfélög hafa verið að endurskoða aðgengi íbúa og fyrirtækja að þeirri þjónustu sem þau veita. Opnuð hafa verið þjónustuver hjá nokkrum sveitarfélögum sem hafa í flestum tilfellum það meginhlutverk að vera framlína þjónustu. Hafnarfjarðarbær opnaði þjónustuver 1. september 2003 og hér verður stiklað á stóru um þær fyrirtælanir og hver reynslan hefur verið.



Útm. Helmi Ágústsson

er um helgar og fridaga yfir sumar- mánuðina júní, júlí og ágúst kl. 10-15.

Frá opnun þjónustuversins hafa starfsmenn hugað í ríkum mæli að eigin þjálfun, auk þess sem vinnulag hefur verið samræmt m.a. gagnvart símsvörum. Margir þættir hafa verið samræmdir og þar sem þjónustuverið sinnir verkefnum í umboði annarra deilda og starfssviða hjá Hafnarfjarðarbæ hefur nokkur vinna verið lögð í samhæfingu. Margir verkferlar hafa verið skilgreindir m.a. til að draga fram hver eigi að sjá um hvað. Þessar skilgreiningar eru meginstöðin í þjónustusamningum sem þjónustuver gerir við starfssviðin og eru formleg lýsing á því hvað þjónustuver á að gera fyrir þau.

Helstu áherslur og verkefni þjónustuvers

Helstu verkefni þjónustuvers eru eftirfarandi:

- **Símsvörum** Hafnarfjarðarbæjar. Allar vinnustöðvar í þjónustuverinu geta tengst skiptiborði og veitir oft ekki af á álagstímum. Að meðaltali koma um 250 símtöl á dag. Náist ekki í þann sem beðið er um er í fjölda tilvika skilaboðum komið áfram í tölvupósti.
- Almenn **afgreiðsla** og móttaka umsókna og erinda.
- **Íbúaskráning** Hafnarfjarðar í samráði við Hagstofu Íslands
- Afgreiðsla fyrir **umhverfis- og**

Þjónusta sé til fyrirmyndar

Rétt er að taka fram strax í upphafi þessarar greinar að þó þjónustuverið sé í framlínu þjónustu hjá Hafnarfjarðarbæ þá eru það hinir fjölmörgu starfsmenn bæjarins og hinar einstöku deildir sem oftast inna þjónustuna af hendi. Þessi þjónusta hefur víða verið til mikillar fyrirmyndar.

Á árinu 2002 og 2003 var mikil umræða um þjónustu hjá Hafnarfjarðarbæ í tengslum við stjórnsýsluúttektir sem bærstjórn stóð fyrir. Miklar breytingar voru gerðar með skilvirkni og einföldun að leiðarljósi - stjórnsýslu Hafnarfjarðarbæjar var skipt í fimm starfssvið. Yfirstjórn Hafnarfjarðarbæjar lagði áherslu á að hjá Hafnarfjarðarbæ væri tryggt að þjónusta og upplýsingagjöf við íbúa,

fyrirtæki, starfsmenn og gesti væri til fyrirmyndar. Einnig að auðveldað væri aðgengi að upplýsingum um deildir og stofnanir Hafnarfjarðarbæjar og þeirri þjónustu sem þær veita. Ákvarðanir voru m.a. teknar um að gera könnun meðal bæjarbúa um þjónustu bæjarins; auka skilvirkni í skjalavistun og skráningu, sem og að opna þjónustuver.

Margvíslegur ávinningur af þjónustuveri

Með tilkomu þjónustuvers ávannst margt. Boðið var upp á einn afgreiðslustað í stað margra áður og jafnframt var tækifærið notað og þjónustutími lengdur. Í dag er opið alla virka daga kl. 8-17, auk þess sem opið



Útm. Sólfríður Ólafsson



tækisvið. Hér er um umfangsmikinn þátt í starfseminni að ræða m.a. sér þjónustuver um afhendingu gagna í tengslum við lóðaúthlutun. **Teikningar** koma til þjónustuværs sem sér um skráningu þeirra í mála- og skjalastjórnunarkerfið „Erindreka“ áður en þær eru sendar áfram. Þá sér þjónustuverið um skráningu meistara á verk, skráningu í úttektir sem og í viðtalstíma byggingafulltrúa.

- **Gjaldkeri** er í þjónustuveri og er uppgjör og utanumhald í samráði við fjáreiðudeild.
- **Viðbótarlán** vegna húsnæðismála - samskipti við umsækjendur og skráning umsókna er í þjónustuveri.
- **Upplýsingamiðstöð ferðamanna** er staðsett í þjónustuveri og vegna þeirrar starfsemi má búast við um 6.000 gestum árlega. Með flutningi þessarar starfsemi í Ráðhúsið er vonast til að Hafnafirðingar nýti sér þjónustuna í ríkari mæli en áður. Að vísu er mjög virk dreifing á því kynningarefni sem kemur út, enda ekki stefna að fá fjölda í heimsókn, heldur að sem mestur fjöldi fái þjónustuna.
- **Ratleikur Hafnarfjarðar og Take a Break**, enskur kynningarbæklingur bæjarins eru gefnir út undir ritstjórn þjónustuværsins í samráði við menningar- og ferðamálafulltrúa. Einnig er ætlunin að gefa út kynningarbækling á íslensku þegar núverandi bæklingur gengur til þurrðar.

Meðvitað gæðastarf

Innan þjónustuværs hefur verið unnið meðvitað með eftirfarandi þjónustu- og gæðapætti: ásýnd og aðkomu; viðmót og framkomu; þekkingu; hraða og áreiðanleika.

1. **Ásýnd og aðkoma** - Við hönnun þjónustuværsins var lagt upp úr því að það væri bjart og vinalegt. Unnið var með opið rými, gegnsæ skilrúm og gluggum leyft að njóta sín. Kröftugar myndir Eiríks Smith prýða vegg og gefa tóninn fyrir lifandi þjónustu. Margir gesta hafa á orði að gott sé að koma inn, en aðrir eru ekki vissir um að þeir séu komnir inn á opinbera stofnun. Fyrir opnun þjónustuværsins var einnig frískað upp á útlit Ráðhúss-

ins, en steypuskemmdir og vanhirtar hurðir gáfu því dapurt yfirbragð.

2. **Viðmót og framkoma** - Hver kann ekki að meta kurteisni? Flestir meta þjónustu út frá því viðmóti sem þeir fá og það er því ekki að ástæðulausu sem þessi þáttur er reglulegt umræðuefni meðal starfsmanna þjónustuværs. Við viljum veita persónulega og faglega þjónustu. Svarað er í síma með nafni, þannig að ef viðskiptavinur þarf að hafa samband aftur á hann möguleika að tala við sama starfsmann. Innkomin símtöl eru ekki bara gefin blint áfram, heldur eru þau kynnt í flestum tilfellum til að kanna hvort starfsmaður geti sinnt erindinu. Slíkt er einnig nýlunda fyrir viðskiptavini Hafnarfjarðarbæjar og varð einum að orði þegar hann var spurður hvern mætti kynna: „Þú þarft nú ekki að kynna mig, ég er Hafnafirðingur“. Þjónustufulltrúar þurfa oft að ganga á viðskiptavini til að ganga úr skugga um hvert erindið er. Ósk um að hitta byggingafulltrúa, getur oft verið ósk um að fá teikningar af húsi og slíku er einfaldlega sinnt í þjónustuveri með útprentun úr gagnagrunni, ljósritun eða viðhengi í tölvupósti.

3. **Þekking** - Þjálfun og fræðsla eru lykilþættir í starfsemi þjónustuværsins. Það ætti að vera nokkuð ljóst af þessu greinarkorni að starf þjónustufulltrúa er fjölþætt og það reynir oft á

að vera með á nótunum í öllum málum. Í samræmi við símenntunaráætlun Hafnarfjarðarbæjar hefur hver starfsmaður svokallaða menntaskrá, þar sem hann forgangsraðar þeim þáttum sem hann vill tileinka sér. Mest af þjálfuninni fer fram innan þjónustuværsins í samráði við fagsvið og deildir hverju sinni.

Upplýsingaflæði nútímans er mikil áskorun fyrir starfsemi þjónustuværs. Starfsmenn þurfa stöðugt að vera með á nótunum, vera snöggir að grípa upplýsingar sem berast og koma þeim frá sér með skiljanlegum hætti. Einnig er það stöðugt verkefni að fá upplýsingar tímanlega. Tilsvárið „ég las þetta nú í blöðunum eins og þú“ viljum við að heyri sögunni til og við erum nær því nú en áður.

4. **Hraði** - Í nútímasamskiptum er hraði mikilvægur. Fólk vill geta fengið upplýsingar og vottorð með hraði. Teikningarnar vill það helst hafa fengið í gær — og helst áður en þær voru lagðar inn til samþykktar. Án gríns, þá er hraði kall tímans og því er reynt að mæta. Notkun á tölvupósti og vefupplýsingum sparar sporin. Þjónustuver er vel tækjum búið til þess m.a. að geta mætt þessum óskum viðskiptamanna.

5. **Áreiðanleiki** - Krafa á opinbera aðilla um áreiðanleika er stór og hún er sjálfsgöð. Áreiðanleiki stendur í sterku samhengi við þekkingu og



John, Hinn, Hinn

þegar starfsmenn þekkja vel t.d. samþykktarferli byggingarleyfa eiga þeir auðveldara með að geta sagt hvenær vænta megi niðurstöðu umfjöllunar. Er því lögð mikil áhersla á að starfsmenn séu vel upplýstir.

Umboðsmaður viðskiptavinarins

Þjónustuver hefur óskir og þarfir viðskiptavinarins að leiðarljósi - og er því nokkurs konar umboðsmaður íbúans og leitast við að hann fái þá þjónustu sem hann óskar eftir. Þjónustuver heldur saman ábendingum sem berast og leitast við að fá þær fram. Það er nokkuð almenn skoðun að neikvætt sé að fá kvartanir - en við horfum á þetta með öðrum hætti: Með því að kvarta er viðskiptavinurinn að sýna okkur traust - hann treystir okkur til að geta bætt úr því sem ábótavant er. Viðskiptavinurinn er í okkar gæðastjórnunarteymi!

Umbætur og samstarf eru lykilatriði í starfsemi þjónustuvers. Við eigum að taka ábendingar alvarlega, þær eru



okkar auðlind. Við eigum að vera opin fyrir nýjum hugmyndum og lausnum. Við eigum að þróa þær í samráði við okkar viðskiptavini. Þjónustuverið er samstarfsverkefni margra og á þessum mánuðum sem liðnir eru frá opnun þess hafa margir lagt því lið að gera það að því sem það er og lagt

grunninn að því sem það á eftir að verða. Þjónustuver er vettvangur þróunar að bættri þjónustu Hafnarfjarðarbæjar fyrir íbúa, starfsmenn, stofnanir, fyrirtæki og gesti.

*Höfundur er þjónustustjóri
Þjónustuvers Hafnarfjarðarbæjar og
starfaði um árabíl sem ferðamálafultrúi*



Bærinn rífur af sér þokuna á sjómannadegi



Allt fyrir æskuna af skiptinemum Rótarýs

Æskulýðsstarf er mjög stór þáttur í alþjóðaþjónustu Rótarýhreyfingarinnar. Hefur Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar gefið 29 einstaklingum tækifæri til að kynna menningu annarra landa og Rótarýstarfi og hafa ungmennin farið til Bandaríkjanna, Kanada, Þýskalands, Sviss, Brasilíu og Ástralíu.



Brasilíu, Þýskalandi, Equador, Ástralíu, Sviss og Frakklandi.

Þessir einstaklingar hafa gefið nálega 60 hafnafirskum fjölskyldum inn-sýn í sína menningu og siði og tengsl hafa myndast.

Þó nokkrir hafa farið í skammtímadvöl og í sumarþúðir Rótarýhreyfingarinnar og það er víst að þessir einstaklingar bera Rótarýhreyfingunni gott orð hvar sem þeir fara.

Stutt við æskuna

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar hefur stutt við æskufólk í Hafnarfirði, m.a. með veitingu verðlauna til þeirra sem standa sig best á lokaprófi frá skólum bæjarins og einnig hefur klúbburinn styrkt æskulýðsstarfsemi þó í litlum mæli sé.

Það má því segja að mottóið klúbbsins sé: Allt fyrir æskuna.



Ólafur Garðar Halldórsson, sem var skiptinemi á vegum klúbbsins í Ástralíu þakkar fyrir sig og afhendir fána.

Klúbburinn hefur tekið á móti 22 einstaklingum frá Bandaríkjunum,



Þau tóku við viðurkenningu fyrir góðan námsárangur: Dagbjört Agnarsdóttir, Hvaleyrarskóla, Erlendur Halldór Durante, Lækjarskóla, Irma Hrönn Martinsdóttir, Setbergsskóla, Stefanía Magnúsdóttir, Viðistaðaskóla, Róbert Torfason, Öldutúnsskóla, Ingimar Trausti Jónsson, Iðnskólanum og Hanna S. Hálfánardóttir, Flensborgarskólanum. Með þeim eru forseti klúbbsins Guðmundur Rúnar Ólafsson og Gunnar Gunnarsson úr verðlaunanefnd klúbbsins.

Eftirtöldum fyrirtækjum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn:



Firði • 565 4595



www.fjarhitun.is



www.fjorukrain.is • 565 1213



Dalshrauni 13 • 555 4477

Actavis

framtakssemi og styrkur

Viðtal við Hörpu Leifsdóttur:

Alþjóðlega sam-
heitalyfjafyrir-
tækið Actavis er í
hópi stærstu fyr-
irtækja sem eru



með starfsemi í Hafnarfirðinum. Alls starfa um sjö þúsund manns hjá Actavis í 25 löndum. Á Íslandi eru starfsmenn Actavis rúmlega fjögur hundruð talsins og höfuðstöðvar samstæðunnar eru á Reykjavíkuvæginum hér í Hafnarfirði.

Þann 17. maí síðastliðinn fékk Pharmaco-samstæðan nýtt nafn, Actavis. Nafnabreytingin er liður í uppbyggingu félagsins á alþjóðlegum samheitalyfjamaðkaði þar sem fyrirtækið hefur sett sér metnaðarfull markmið.

Áðgreining móðurfélagsins og dótturfélagsins er með þeim hætti að móðurfélagið, sem áður hét Pharmaco hf. heitir nú Actavis Group hf. En dótturfélagin (áður Delta og Omega Farma) bera nú nafnið Actavis hf.

Áð sögn Hörpu Leifsdóttur, sviðs-



stjóra markaðssviðs Actavis hf., hefur samstæðan vaxið hratt á undanförunum árum, bæði með öflugum innri vexti og markvissum kaupum á lyfja-

fyrirtækjum sem falla vel að kjarna-
starfsemi félagsins. „Mörg þessara
fyrirtækja héldu nöfnum sínum þrátt
fyrir að vera hluti af samstæðunni en
með því að sameina starfsemi félags-
ins undir einu nafni er ásýnd þess
skýrari og um leið sterkari,“ segir
Harpa.

Actavis er samsett úr tveimur latn-
eskum orðum - acta sem merkir fram-
takssemi og vis sem merkir styrkur.
Segir Harpa nafnið því lýsa stefnu
samstæðunnar vel en kjörorð hennar
er: Hagur í heilsu. Sem vísar til þess
bætta hags sem Actavis skapar við-



lyfjaverksmiðju í Dalshrauninu árið
1998. Þótti verksmiðjan mjög stór og
grunaði eflaust fáa á þeim tíma að
vöxtur félagsins yrði jafn ævintýra-
lega mikill og raun ber vitni. Nú er
unnið í verksmiðjunni allan sólarhring-
inn allt árið um kring,“ segir Harpa.



Actavis er aðalstyrktaraðili knattspyrnudeildar FH sem varð í öðru sæti á Íslandsmótinu í fyrra.

skiptavinum sínum, hluthöfum og
starfsmönnum um allan heim.

Actavis starfrækir lyfjaverksmiðjur
á Íslandi, Búlgaríu, Möltu, Tyrklandi
og Serbíu en eitt af lykilmarkmiðum
Actavis er að vera meðal fyrstu fyrir-
tækja á markað með ný samheitalyf
um leið og einkaleyfi frumlyfsins
rennur út.

Geysileg uppbygging

Áð sögn Hörpu fer stór hluti lyfja-
þróunar og lyfjaframleiðslu Actavis
fram á Íslandi og þá aðallega í Hafnar-
firðinum. „Delta opnaði fullkomna

Gáfu eitt tonn af lyfjum

Actavis leggur metnað sinn í að
styðja góð málefni af ýmsum toga. Að
sögn Hörpu er það stefna Actavis að
styrkja verkefni sem tengjast velferð
barna sérstaklega og má þar nefna
stuðning við Barnahjálpi Sameinuðu
þjóðanna, regnhlífarsamtökin Sjónar-
hól og nýverið gaf Actavis yfir eitt
tonn af berkla- og sýklalyfjum til
Afganistan.





30 mínútur

innifaldar á mánuði úr GSM. Gildir í þrjá mánuði ef þú skráir þig á siminn.is fyrir **31. ágúst.***

Þetta færðu aukalega fyrir að vera með allt saman hjá Símanum.



HEIMASÍMI

60 frjár mínútur á mánuði milli heimasíma hjá Símanum. Frítt talhólf.



GSM

50% afsláttur af símtölum og SMS í þrjú önnur númer hjá Símanum.**



INTERNET

100 MB frítt gagnamagn frá útlöndum eða ADSL 2000 á verði ADSL 1500.



SERTILBOD

Regluleg sértílbod á búnaði og þjónustu hjá Símanum ásamt tilboðum í bíó, leikhús, á tónleika, veitingahús ofl.

Allt

saman

hjá Símanum

Vertu í góðu sambandi við þitt fólk og njóttu betri kjara og sértílboda. Heimasími, GSM og Internet – allt saman hjá Símanum.

Við hjálpum þér að láta það gerast

* Gildir úr GSM í GSM og heimasíma hjá Símanum.

** Gildir ekki fyrir þá sem eru með Frelsi.

Skráðu þig á siminn.is
eða í síma 800 7000

Síminn 

Hundruðir hella á Reykjanesi

Ómar Smári Ármannsson:

Á Reykjanesi er vitað um a.m.k. 340 hella og hraunskjól. Hraunskjólín eru yfirleitt skútar, sem hlaðið hefur verið fyrir, ýmist í jarðföllum eða í hraunrásum. Nær undantekningalaust hafa þau verið notuð sem skjól fyrir fé því engin voru fjárhúsin á skaganum fyrr en kom fram á 20. öldina eða til að hlífa fólki á langri ferð og þá oftast nálægt gömlu þjóðleiðunum.

Dæmi um fjárskjól má finna nálægt seljunum, en þau eru um 140 á Reykjanesskaganum, s.s. umhverfis Óttarstaðaselið og Straumsselið. Einnig má sjá þau nálægt bæjum eða beitaraðstöðu. Fjárskjólarnar, en vitað er um 70 slíkar, lutu sömu lögmálum. Þær standa yfirleitt hátt, eru hringlaga, og hafa veitt fé hið ágætasta skjól. Rétt er að minna á að hér fyrrum má segja að lífið hafi meira og minna snúist um fé, líkt og reyndar enn gerist, en bara annars konar fé. Hér áður fyrr snérist allt um feitt fé og magrar konur, en nú snýst allt um mikið fé og fagrar konur. Allt var gert til að halda lífinu í kindinni því hún hélt lífinu í mannfólkinu. Fiskurinn var ágæt bú-bót þegar hans varð vart og ein helsta verslunarvaran um tíma, en féð var viðvarandi. Mannvirkin frá þessum tíma eru svo til við hvert fótmál á Reykjanesskaganum.

Guðni Gíslason bað um stutta frásögn af hellum í nágrenni Hafnarfjarðar til handa rótarýfélögum. Í því



Ómar Smári hélt veislu í Maistjörnnunni, hákarl og lifrapylsa mæltust vel fyrir hjá göngufólkinu.

sambandi er rétt að geta þess að því miður er ekki hægt að segja frá öllum hellum, sem vitað er um. Sumir eru mjög viðkvæmir fyrir ágangi og því meiri líkur á skemmdum eftir því sem fleiri fara um þá. Það er kannski ekki ætlun allra að valda skemmdum, en þær verða fyrir slysi. Þúsundir ára gamlir dropasteinar og hraunstrá eru viðkvæm viðkomu og svo er líka erfitt að varast hvorutveggja í þrengslum og í myrkri. Þá er einnig til fólk, sem beinlínis leitast við að taka slík djásn

með sér úr hellum til að „eiga“. Rétt er að benda slíku fólki á að falletgur dropasteinnur í helli er hvergi falletgrur en þar sem hann varð til. Þar er samhengi hans við upprunann og jarðsöguna á staðnum. Heima í stofu er dropasteinnur aðskotahlutur.

Hellar við bæjardyrnar

Hellasvæði í nágrenni Hafnarfjarðar eru t.d. í Sléttuhlíðum (Kershellir og Ketshellir), Kaldárseli (Kald-



Í Húshelli var hlaðin nokkuð stór borg en ekki er vitað hvers vegna né í hvað hún var notuð.



Rótarýfélagar láta þrengslin ekki á sig fá í Leiðarenda.

Ljóm: Guðni Erlinson

Hér er eins gott að vita hvar maður setur niður fótinn. — Hraunstráin eru hvergi fallegri en í hellunum sjálfum.

árselsfjánhellar), Helgadal (Hundraðmetrahellir og Rauðshellir), í Kristjánisdölum (Kristjánssalahellar), við Þríhnúka (Brúnn og Bratti), undir Grindarskörðum (Selvogsgötuhellar), í Dauðadölum (Flóki), í Tvíbollahrauni við Bláfjallaveg (Leiðarendi) og við Hrutargjárdyngju (Húshellir, Híðið, Maistjarnan, Hellirinn eini o.fl.).

kindar er einhvern tímann í firndinni hefur rölt inn í einn endann og ekki ratað út aftur. Reyndar er hægt fyrir okunnuga að villast í Leiðarenda og það gildir einnig um Flóka. Þangað ætti t.a.m. enginn að fara án þess að vera með línu meðferðis. Þá er góð regla þegar farið er í hella, auk þess að

Með línu og ljós

Í Húshelli er hlaðið hús í stórum geimi. Opið er ekki langt frá Stórhöfðastíg áleiðis upp á Undirhlíðaveg. Sá grunur læðist að manni að hellirinn kunni að hafa verið afdrep „útilegumanna“ um tíma. Kershellir norðan Sléttuhlíðar var notaður af félögum í stúku Friðriks Friðrikssonar, stofnanda KFUM. Neyðarútgöngudyrhellir við Hrutargjárdyngju fékk nafn af hluta neyðarútgöngudyrar er fannst við opið. Í Leiðarenda eru leifar



Litadýrðin er oft stórkostleg í hraunrásunum.

Ljóm: Guðni Erlinson

Ljóm: Guðni Erlinson



Kristjana Þ. Ásgeirsdóttir og skiptinemi klúbbsins Julie Carlier



Rótarýfélaginn Eyjólfur Sæmundsson er óþreytandi við að stinga sér niður örmá göt í leit að hellum

Jólamerki frá 1958

Með listaverkum eftir rótarýfélaga í langflestum tilfellum

Jólamerki Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar hafa verið gefin út á hverju ári síðan 1958 og er engan bilbug að finna á þessari útgáfu enda ágæt tekjulind.

Stefán Júlíusson greinir frá þessari útgáfu í 50 ára afmælisriti klúbbsins sem kom út árið 1996:

Á árinu 1958 var stofnað til nýungar í klúbbum sem teljast verður sérstök og merkileg. Þá lét klúbburinn prenta jólamerki og einnig minningamerki um 50 ára kaupstaðar-afmæli bæjarins. Jólamerkjaútgáfan hefur verið árlegur viðburður æ síðan.

Það var Magnús Guðlaugsson sem flutti þá tillögu á fundi 7. nóvember að klúbburinn gæfi út jólamerki til fjárflounar.



Magnús Guðlaugsson

Málinu var þegar hrint í framkvæmd. Tildrög þessa máls voru þau að á árinu var mikið rætt um sérstakan sjóð innan klúbbsins sem veita mætti úr til ýmissa nauðsynja utan venjulegra klúbbstarfa. Þar kom, að á



fundu 11. júlí þetta ár ræddi Júlíus Nýborg um stofnun framkvæmdasjóðs og var stofnun hans samþykkt að tillögu forseta. Júlíus afhenti sjóðnum kr. 5.691,88 sem stofnfé en þetta var afgangur af söfnunarfé sem hann hafði aflað til trjáplöntunar við Hamarinn á sínum tíma. Júlíus gat þess að framkvæmdasjóðurinn ætti að vera til fyrir fleiri verkefni en trjáplöntun. Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var samþykkt eftir tvær umræður á klúbbfundu 10. apríl 1959. Samkvæmt henni var kosin stjórn sjóðsins: Júlíus Nýborg formaður, Valgarð Thoroddson ritari og Beinteinn Bjarnason gjaldkeri.

Það var mikið heillaspor að Beinteinn var kjörinn gjaldkeri. Segja má að hann hafi upp frá því og allt til dauðadags, 4.2.1981 stjórnað útgáf-

unni. Hann fékk Ásgeir Júlíuson til að teikna fyrstu merkin, sá um myndaval, prentun, dreifingu og sölu innan klúbbs og utan og innan lands og utan. Bjarni Jónsson listmálari gekk í klúbbinn um mitt ár 1962. Beinteinn var ekki seinn á sér að fá hann til að mála mynd á jólamerkið það ár og það átti eftir að endurtaka sig. Aðrir myndlistarmenn í klúbbum hafa lagt jólamerkinu til myndir, Gunnar Hjaltason, Niels Árnason, Sigurbjörn Ó. Kristinsson.

Að ráði Beinteins komst sú skipan á að klúbbfélagar voru skikkaðir til að kaupa ákveðinn fjölda merkja fyrir jólin og hefur sá vani haldist síðan.

Úr bók Stefáns Júlíussonar,
Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 50 ára.



1958



Mynd: Hafnarfjörður (Afmælismarki)
Hönnuður: Ásgeir Júlíusson
Stærð myndar: 23 x 37,5 mm

1958



Mynd: Hafnarfjörðarkirkja
Hönnuður: Ásgeir Júlíusson
Stærð myndar: 38 x 25 mm

1959



Mynd: Frikirkjan Hafnarfirði
Hönnuður: Ásgeir Júlíusson
Stærð myndar: 38 x 25 mm

1960



Mynd: Snjókarl og börn
Hönnuður: Ásgeir Júlíusson
Stærð myndar: 38 x 23 mm

1961



Mynd: Konumynd
Hönnuður: Sigrún Guðjónsdóttir
Stærð myndar: 38 x 25 mm

1962



Mynd: Þrír kertastjakar
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 35 x 23 mm

1963



Mynd: Kross og tuttugu og átta kertaljós
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 35 x 22,5 mm

1964



Mynd: Lýsistýra og stjörnur
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 34,5 x 22,5 mm

1965



Mynd: Kertaljós á grenitrijám
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 34,5 x 23 mm

1966



Mynd: Kertaljós á aski
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 35 x 23 mm

1967



Mynd: Kertaljós og tveir krossar
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 34 x 23 mm

1968



Mynd: Kona við strokk
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 35 x 22 mm

1969



Mynd: Kona að spinna band
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 34 x 22,5 mm

1970



Mynd: Hestar að leik í snjó
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 21,8 x 33,5 mm

1971



Mynd: Menn að setja bát
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 34 x 22,5 mm

1972



Mynd: Drengur með stóran þorsk
Ljósmynd: Herdís Guðmundsdóttir
Stærð myndar: 34 x 22 mm

1973



Mynd: Sjómaður með fisk
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 35 x 22,5 mm

1974



Mynd: Vikingaskip á siglingu
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 25 x 35 mm

1975



Mynd: Kertaljós á grenigreini
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 35 x 23,5 mm

1976



Mynd: Árabátur
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 23 x 35 mm

1977



Mynd: Árabátur undir seglum
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 22 x 35,2 mm

1978



Mynd: Konur að breiða fisk
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 35,2 x 23 mm

1979



Mynd: Þrír svanir á flugi
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 35,2 x 23 mm

1980



Mynd: Móðir og barn
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 36 x 28 mm

1981



Mynd: Landslag og borg
Hönnuður: Gunnar Hjaltason
Stærð myndar: 35,3 x 22 mm

1982



Mynd: Glerlistaverk
Hönnuður: Sigurbjörn Kristinsson
Stærð myndar: 35 x 22 mm

1983



Mynd: Glerlistaverk
Hönnuður: Sigurbjörn Kristinsson
Stærð myndar: 35,2 x 22 mm

1984



Mynd: Málverk
Hönnuður: Niels Árnason
Stærð myndar: 36,2 x 23 mm

1985



Mynd: Blómapottur og blóm
Hönnuður: Niels Árnason
Stærð myndar: 36 x 23 mm

1986



Mynd: Rjúpa og landslag að vetri
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 35 x 23 mm



1987



Mynd: Hestur og norðurljós
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 23 x 36 mm

1988



Mynd: Frikirkjan og kross
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 21 x 35,5 mm

1989



Mynd: Blóm í blómavasa
Hönnuður: Niels Árnason
Stærð myndar: 35 x 22 mm

1990



Mynd: Rjúpur og landslag að vetri
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 36 x 23 mm

1991



Mynd: Vetrarmynd
Hönnuður: Gunnar Hjaltason
Stærð myndar: 37 x 23 mm

1992



Mynd: Kirkja, hús og snjór
Hönnuður: Gunnar Hjaltason
Stærð myndar: 37 x 23 mm

1993



Mynd: Hús og tré
Hönnuður: Gunnar Hjaltason
Stærð myndar: 35 x 22 mm

1994



Mynd: Þrjú hús
Hönnuður: Gunnar Hjaltason
Stærð myndar: 35 x 22 mm

1995



Mynd: Snæfellsjökull
Hönnuður: Niels Árnason
Stærð myndar: 23 x 36 mm

1996



Mynd: Maður að gefa hey í fjárhúsi
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 23 x 36 mm

1997



Mynd: Krýsuvíkirkirkja
Hönnuður: Sigurbjörn Kristinsson
Stærð myndar: 36 x 23 mm

1998



Mynd: Útsýnisskífa á Ásfjalli
Hönnuður: Sigurbjörn Kristinsson
Stærð myndar: 36 x 23 mm

1999



Mynd: Sauðfé
Hönnuður: Bjarni Jónsson
Stærð myndar: 38 x 25 mm

2000



Mynd: Jólátré
Hönnuður: Þóra Dal
Stærð myndar: 38 x 25 mm

2001



Mynd: Landslag
Hönnuður: Niels Árnason
Stærð myndar: 42 x 29 mm

2002



Mynd: Óxarárfoss
Hönnuður: Niels Árnason
Stærð myndar: 42 x 29 mm

2003



Mynd: Hús Bjarn Sívertsen
Hönnuður: Sigurbjörn Kristinsson
Stærð myndar: 29 x 42 mm

Rótarýgolf

Þó að góðir íþróttamenn hafi verið félagar í R.H. gegnum árin hefur klúbburinn ekki beitt sér fyrir íþróttum eða efnt til móta í einstökum íþróttagreinum. Á seinni árum hafa þó nokkrir félagar stundað golf af áhuga og kappi. Þessir kylfingar í klúbbnum hafa tekið þátt í opnu golfkeppnimóti rótarýfélaga og stundum haft sigur.

Það var Rótarýklúbbur Keflavíkur sem árið 1987 bauð til fyrsta rótarýmótsins í golfi. Síðan hafa opin keppismót verið haldin á vegum nágrannaklúbbanna við Faxaflóa á víxl. Hafa allmargir félagar R.H. verið þátttakendur í þeim. Guðmundur Friðrik Sigurðsson hefur verið aðalhvatamaður að þátttöku í þessu opna rótarýgolfmóti og hefur hann stundum komið með bikar á borð.

Inner Wheel

Inner Wheel nefnist félagsskapur eiginkvenna rótarýfélaga; nafnið dregið af rótarýmerkinu og hefur ekki verið þýtt. Inner Wheel átti upp-tök sín í Englandi en fluttist hingað til lands árið 1973.

Hinn 4. nóvember 1976 stofnuðu konur hafnfirskra rótarýfélaga Inner Wheel-klúbb og var fyrsti forseti hans Lára Jónsdóttir. Þessi klúbbur kvennanna hefur verið R.H. til styrktar og ánægjulegra samskipta frá upphafi. Reynslan hefur verið sú að Inner Wheel er rótarýklúbbnum til uppörvunar og nytsemdar í störfum. Síst má gleyma að þær Inner Wheel konur hafa árlega efnt til ferðalaga með körlum sínum. Þessi ferðalög hafa jafnan verið þátttakendum til mikillar ánægju enda vel undirbúin og skipulögð.



Íllan: Guðrún Erlendsson

Úr Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 50 ára.

Hægt að kaupa

Jólamerkin má finna á heimasíðu klúbbsins;
rotary.is/hafnafj
Þar eru upplýsingar hvar megi panta merkin en merkin hafa verið vinsæl meðal safnara.



Svipmyndir frá umdæmisþingi í Vestmannaeyjum

Ljósmyndir: Guðni Gíslason



Sigurður Símonarson, umdæmisstjóri þakkar erlendu gestunum.



Litrík hljómsveit heimamanna skemmti gestum undir borðum — reyndar svo vel að menn spruttu á hliðarlínurnar til að dansa.



Dansinn dunaði strax á hliðarlínunum.



Skoðunarferð á gosslóðir í fallegu veðri.



Julie Carlier og annar skiptinemi kanna hitann í fjallinu.



Vestmannaeyingarnir stóðu sig vel við undirbúning þingsins.



Skiptinemarnir skemmtu sér konunglega í Vestmannaeyjum.



Hafnfirðingar leiddu fjöldasöng með eldhressum heimamanni og ekki stóð á undirtekjum félaga á rötoryfundinum.



Hafnfirsku þátttakendurnir buðu til næsta þings með söng í lok hátíðarkvöldverðar.

Brautryðjandinn

Jóhannes J. Reykdal

Albert J. Kristinsson:

Mig langar til að rifja upp söguna af upphafi vélvæðingar í iðnaði á Íslandi árið 1903 með tilvitnun í „Ísafold“ 10. okt. 1903. Það var hugsjóna- og framkvæmdamaðurinn Jóhannes J. Reykdal sem þar með var brautryðjandi virkjunar vatnsafls í þágu iðnaðar á Íslandi:

„Meðal þeirra framfarafyrirtækja, sem byggð hafa verið í Hafnarfirði á þessu ári og jafnframt mesta framfarafyrirtækið er trésmiðja allstór, er Jóhannes trésmiður Reykdal hefir byggt. Húsið er 271/2 alin á lengd og 10 álnir á breidd, hæðir tvær um 17 fet undir þakskegg; eru í því eigi færri en 8 vinnuvélar, sem allar eru knúnar áfram með vatnsafl. Vatnið er tekið úr Hafnarfjarðarlæk og er því veitt heim að vélahúsinu í 150 álna langri rennu í vatnskassa við húshliðina og er fallhæð vatnsins í kassanum 12 fet. Í kassanum er snúningsvél (túrbína) með 15 hesta afli; frá henni liggur aðalmöndullinn inn í kjallarann undir húsinu, en

frá honum aftur snúrir upp í gegnum gólfíð á tvær hreyfivélar sín hvoru megin.

Vinnuvélarnar 8 eru þessar: 1. rétt-hefill er heflar 16" breitt. 2. Þykktarhefill er heflar 27" breitt. 3. Strikunarvél er strikar allt að 7 þumlunga breiða lista. 4. Strikunarvél (fræsemaskin) er heflar boga, smærri lista og ýmislegt fleira, henni fylgja 500 mismunandi strikjárn. 5. Bandsög. 6. Hjólsög. 7. Borvél. 8. Rennibekkur með „slyngværk“ til að renna vafningsslöngur. Verksmiðjuhúsið með öllum þessum vélum og öðrum áhöldum hefir kostar nál. 16000 kr.

Fyrirtæki þetta er mjög lofsvert og því gleðilegt að verksmiðjan hefir haft meira verkefni fyrir höndum en hún hefir komizt yfir, frá því er hún fyrst tók til starfa og fram á þennan dag; er vonandi að framhald verði á því og það því líklegra, sem hún þykir leysa verk sín prýðilega af hendi.

Eigandi verksmiðjunnar, hr. Jóhannes Reykdal, er Þingeyingur að ætt og uppruna. Það er ungur maður yfirlætislaus, en hygginn, ötull og fylginn sér.“



Og enn er von fréttu úr Hafnarfirði því 23. júlí 1904 segir Ísafold.

„Trésmiðaverksmiðju með vélaaflí komu Hafnarfirðingar upp í fyrra.

Nú eru þeir komnir á flugstig með að nota sama vatnsaflíð til þess að raflýsa kaupúnið að einhverju leyti, í bráð.

Loks eru þar á þrjónunum ráðagerðir um vatnsveitu fyrir bæinn.

Fyrir má nú vera framfaraskrið en þetta, á 1-2 misserum.

Það er sami maðurinn, sem raflýsingunni kemur á, sem setti á stofn trésmiðjuna í fyrra, Jóhannes Reykdal trésmiður. Hann gerir það með ráði og fulltingi Halldórs Guðmundssonar rafmagnsfræðingsins nýja. Hann kvað hafa pantað þegar áhöld til þess með póstskipinu 20. þ. m. Hugsað er um 150 rafljós með 16 kerta ljósmagni hvert, sum úti sum inni. Þau kváðu eiga að kosta 6 kr. hvert um árið.“

Trésmiðaverkstæði Reykdals við Lækjargötu.





Fyrstu starfsmenn í timburverksmiðju Jónhannesar. Í dyrunum: Ögmundur Ólafsson og Árni Sigurðsson. Standandi: Helgi Halldórsson, Hans Friðriksson, Árni Þorsteinsson, Jónhannes J. Reykdal, Kristinn Vigfússon, Guðbrandur Guðmundsson, Davíð Kristjánsson og Tómas Ólafsson. Sitjandi: Þorsteinn Ásbjörnsson, sonur hans og farði.

Rafmagn í 16 hús

Þetta gekk eftir því 12. desember er rafmagn hleypt á 16 hús, Reykdalsvirkjun orðin að veruleika og þar með fyrsta almenningsrafveitan á landinu. Rafalinn var 9 kw 230 V rakstraumsrafall. Árið eftir fengu fleiri hús rafmagn og 7 250 kerta rafljós voru sett á aðalgötu bæjarins.

Á þessu tímabili teiknar hann og byggir sér og væntanlegri fjölskyldu stórt og glæsilegt íbúðarhús við Brekkugötu. Jónhannes og Þórunn Böðvarsdóttir ganga í hjónaband 15. maí 1904 og sama dag flytja þau í hús-ið.

Á horni Lækjargötu og Brekkugötu byggði hann starfsmannahús, sem stendur enn og lengst af verið kallað „Bergen“.

Árið 1906 er þörf á meiri raforku og Jónhannes ræðst í frekari framkvæmdir. Hann byggir Hörðuvallahúsið, sem enn stendur, að vísu breytt. Það er byggt bæði sem rafstöðvarhús, það fyrsta á landinu, og íbúðarhús því vélaverðirnir bjuggu í húsinu. Samtímis þessu stíflar hann lækinn 110 m ofar og byggir vatnsstokk milli stíflu og húss sem var 65 sm að innanmáli úr 2" þykku timbri. Rafalinn í stöðinni var 37 kW og tók þessi stöð til starfa um mánaðarmótin nóv.-des. 1906. Enn naut Jónhannes liðsinnis Halldórs Guðmundssonar raffræðings við uppsetningu véla og

tækja. Báðar rafstöðvarnar kostuðu um 50.000 kr. og mun Jónhannes hafa fengið 16.000 kr. að láni úr viðlagasjóði.

Gerist bóndi á Setbergi

Hann rekur báðar rafstöðvarnar á eigin ábyrgð þar til hann selur Hafnarfjarðarbæ stöðvarnar 1909 og sama ár kaupir hann jörðina Setberg og gerist bóndi ásamt því að sinna áfram



Hörðuvallastöðin hin síðari.

íðn sinni. Hann hefur þó ráðsmann á jörðinni fyrstu 2 árin en flytst þangað með fjölskyldu 16. maí 1911. Þá selur hann íbúðarhús sitt við Brekkugötu og starfsmannahúsið við Lækjargötu.

1911 er hann fenginn til að setja upp rafstöð á Vatneyri í Patreksfirði. Hann

kom einnig upp raflýsingu fyrir bændurnar á Bildsfelli í Grafningi og var víðar í ráðum með raflýsingar. 1912 selur hann verksmiðjuhús sitt nýstofnuðu félagi sem síðar varð Dvergur hf.

Árið 1917 virkjaði hann fyrir Setberg með því að grafa 1000 m langan skurð frá Lækjarbotnum meðfram hliðinni og staðsetja stöðina skammt frá þar sem nú er Setbergsskóli. Þá fékk hann 10 m fallhæð vatnsins og setti þar upp 8 hestafla stöð. Talsverðir erfiðleikar reyndust við rekstur þessarar stöðvar, sérstaklega í miklum snjókomum og leysingum, þó var hún starfrækt til 1927.

Vatnsstokkurinn við Hörðuvallahúsið var orðinn svo lélegur 1914 að nauðsynlegt var að bæta úr. Að ráði Geirs Zoëga verkfræðings var byggt nýtt stöðvarhús ofar við lækinn og búnaðurinn fluttur úr Hörðuvallahúsið. Stöð þessi var síðan starfrækt af Hafnarfjarðarbæ til ársins 1926 en þá tók við ný rafstöð sem rekin var af Nathan&Olsen og sá Hafnirfirdingum fyrir rafmagn næstu árin. Hörðuvallahúsið var selt til íbúðar.

Afskiptum Jónhannesar af rafmagnsframleiðslu var ekki lokið því árið 1927 falast hann eftir kaupum á seinni Hörðuvallastöðinni fyrir sig og sinn

rekstur sem þá var orðinn allmikill þarna í næsta nágrenni stöðvarinnar s.s. íshús sem seinna varð frystihús og timburverksmiðja og timbursala.

Bæjarstjórn vildi ekki selja húsið heldur leigja það en var tilbúin að selja rafbúnaðinn, stokkinn og stífl-



una, Jóhannes keypti og rak þessa stöð til ársins 1952 en þá voru 2 síðustu húsin sem tilheyrðu honum og hans fólki, Þórsberg og Ásberg tengd við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar. Þegar Lækjargatan var framlengd upp að Reykjanesbraut var rafstöðvarhúsið í vegstæðinu og var brotið niður.



Annað trésmíðaverkstæði Jóhannesar á Setbergi 1920.

Jóhannes þurfti í upphafi búskapar á Setbergi að leggja veg að bænum og fljótlega var byrjað að slétta tún og stækka og þegar hann brá búi 1938 var hann með 20 kýr og allt tún vél-tækt. Hann tók mikinn þátt í félagsmálum bænda og gengdi ýmsum trúnaðarstöðrfum á þeim vettvangi og var kjörinn heiðursfélagi Búnaðarfélagss Íslands 1944. Þá var hann í hreppsnefnd Garðahrepps í 17 ár og oddviti í 8 ár.

Þegar hann brá búi á Setbergi byggði hann nýbýli, Þórsberg og bjó hann þar til dauðadags. Hann ræktaði þar allmikið og hafði þar einnig garðrækt.

Náði upp skonnortu



Samhliða búskapnum fæst hann við mörg og ólík verkefni sem ekki er hægt að gera viðhlýtandi grein fyrir hér, nefna má þó skonnortuna „Adelheid“ sem sökk í Hafnarfjarðarhöfn fulllestuð kolum. Jóhannes kaupir hana á uppboði og tekst að bjarga henni upp í fjöru þar sem hægt var að tæma hana og gera við.

Vatn galdrað fram í Lækjarbotnum

Hann var einn af stofnendum Vatnsveitufélags Hafnarfjarðar 1904. Hann var verktaki þegar Hafnarfjarðarbær réðst í það að ná vatni úr Kaldá þannig að það skilaði sér í Lækjarbotna, fyrst í vatnsstokk 1,5 km og þegar landi fór að halla í átt til Lækjarbotna þá var vatninu sleppt í jörðina og það skilaði sér í Lækjarbotna. Sagt er að Jóhannes hafi átt þessa hugmynd og fengið Jón Ísleifsson verkfræðing til að samþykkja að þetta væri tilraunarinnar virði.

Jóhannes byggir trésmíðaverkstæði 1920 við lækinn fyrir ofan uppistöðulónið og enn lætur hann vatnið knýja vélarnar, og starfrækir það til 1926 er hann byggir annað og stærra trésmíðaverkstæði og nú við uppistöðulónið.

Ekki eru tók á að skýra öllu frekar frá störfum þessa mæta framkvæmda- og hugsjónamanns að þessu sinni. Þeim hjónum varð 12 barna auðið og eru 3 þeirra á lífi Kristín, Elísabet og Þórður.

Að endingu ætla ég að vitna í minnisblöð sem hann lét eftir sig. Á einum stað segir hann „að lán sitt eigi hann mest að þakka sinni góðu móður, og síðar sinni framúrskarandi eiginkonu, sem með förnfyssi og festu hefur staðið við hlið hans í blíðu og stríðu“.

Á öðrum stað segir hann „Það er ekki til svo lítilfjörlegt verk, að ekki



Þórunn Reykdal eiginkona Jóhannessonar við fyrsta rafalinn á 50 ára afmælisýningu um rafvæðingu í Hafnarfirði 1954.

þurfi það umhugsunar, því ef menn hafa ekki hugsun um að vinna verkið vel og að vinna sér það létt, verður vinnan þungbær og verkið illa af hendi leyst, og þess vegna engin vinnugleði.“

Og enn fremur þessi vísa eftir hann.

Ég hef unnið með haus og hönd held ég flesta daga, sjálfur leyst mín byrðarbönd og bagga reynt að laga.

Höfundur er fv. deildarstjóri á Rafveitu Hafnarfjarðar og áhugamaður um sögu Jóhannesar Reykdal.

Helstu heimildir:

Stefán Júlíusson:

Fimm athafnamenn í Hafnarfirði.

Sveinbjörn Jónsson:

Iðnaðarritið 5.-6. hefti 1946 (Sérprent)

Þórður Reykdal:

Munnleg heimild.





Litinn: Guðni Erlingsson

Seinni Hörðuvallastöðin sem Hafnarfjarðarbær byggði árið 1914 og starfrækti til 1926. Árið 1927 keypti Jóhannes allan rafbúnað stöðvarinnar en leigði húsið. Allur rafbúnaðurinn er frá fyrri Hörðuvallastöðinni frá 1906. Stöðina starfrækti hann til ársins 1952. Myndin er tekin um 1930.

Samantekt: AK

Í vetrarbúningi

Fyrir neðan Kinnarnar liðast Hamarskotslækur í átt að stíflunni sem sést á myndinni hér til hliðar og þar er oft fallett, bæði að vetri til eða á sumarbjörtum dögum.

Nú eru hafnar framkvæmdir við að endurbyggja stífluna og í undirgöngum undir Lækjargötunni verður komið fyrir rafal og þar á fólk að geta séð hvernig rafmagnið verður til.



Litinn: Guðni Erlingsson

Húsið Reykholt byggði Þorsteinn Jónsson, verkstjóri í verksmiðju Reykdals og stendur það enn.

Eftirtöldum
fyrirtækjum eru
færðar bestu þakkir
fyrir stuðninginn:



HÓPBÍLAR
565 0080



HÖNNUNARHÚSIÐ
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR



LÖGMENN THORSPLANI

www.lth.is



Ósey hf Óseyrarbraut 40 Hafnarfirði
sími 565 2320 www.osey.is



Álfaskeiði 31 • sími 555 3020



Prentsmiðjan Steinmark

Dalshrauni 24 • 555 4855

Til Brussel

Góð þátttaka í ferð klúbbsins til Brussel í haust



Utanlandsferðir klúbbsins hafa verið mjög vel heppnaðar. Þrisvar hefur verið farið til Færeyja og í eitt skiptið var einnig farið til Skotlands. Farið var í eftirminnilega ferð til Vesturheims árið 2002 og nú er stefnan tekin til Brussel þar sem klubbfélagi okkar, Kjartan Jóhannsson, sendiherra tekur á móti okkur.



Útveitingahúsin eru fjölmörg í miðborginni.

Eðlilega er mikið lagt í undirbúning svona ferðar og nýtur undirbúningsnefndin dyggrar aðstoðar Kjartans í þeim efnum en fagrir og fróðlegir staðir Brussel verða skoðaðir svo maður gleymi ekki öllum góðu veitingastöðunum og útimörkuðunum.



Kjartan Jóhannsson kann vel við sig í Brussel, enda hafði hann oft átt þangað erindi í samskiptum við Evrópubandalagið áður en hann varð sendiherra í Brussel.



ÍSLENSKUR VERULEIKI

ICOMM OG MARKA YODA STUJUS I WML2556

KB banki telur mikilvægt að leggja sitt af mörkum til uppgræðslu landsins og styrkir því heilshugar starfsemi Skógræktarfélag Íslands.






Kynslódir koma og kynslódir fara
kátt er með þjóðum.
Audæfi leynast innan um þara
í ótöldum sjóðum.

Árangur alls ekki bætir
undan að líta.
En rotary menn eru mætir
megið þið vita.

Ákváðu léttir í lundu
að láta ekkert hamla.
Söfðu leit firdar og fundu
fjár sjóðinn gamla.

Flugskipin fljúga í austur
þá fer að hausta.



Úr rímu af landnámi Færeyja og Íslands og horninu góða eftir Sigurð Helga Guðmundsson. Teikningar Gunnars Hjaltasonar.



Færeysk vinátta

Þó nokkur samskipti hafa verið við rótarýfélaga í Færeyjum og hefur klúbburinn farið þrisvar til Færeyja og hafa Færeyingar komið hingað nokkrum sinnum. Fyrsta ferðin var farin 1971, önnur ferðin var farin 1985 og sú þriðja árið 1999.

Stefán Júlíusson rekur sögu fyrstu tveggja ferðanna en þó hér sé ekki sagt frá þriðju ferðinni nema með myndum, þá var hún alls ekki síst enda vel tekið á móti hópnum hvar sem hann fór og ekki síst hjá Pauli heitnum Paturssyni, kóngsbónda á Kirkjubø. Hér fara á eftir kaflar úr bókinni „Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 50 ára“.

Fyrsta ferðin

Framtakssamasta ferðalag klúbbfélaga var þó för til Færeyja og Skotlands í júlímánuði 1971. Að vísu var tæplega þriðjungur félaganna í ferðinni en hópurinn var þó allstór því að margar konur voru með í för og fleiri af skylduliði. Gestrisni Færeyinganna var frábær og fyrirgreiðsla öll hin besta af heimamönnum. Samfundur með Rótarýklúbbsi Þórshafnar var strax fyrsta kvöldið, fimmtudaginn 8. júlí, og næstu daga voru skoðunarferðir á sjó og landi, dansleikur og heimboð. Sunnudaginn 11. júlí var



Þórður, Sigurbjörn og Gylfi hvíla lúin bein.



Rótarýfélagar eftir boð lögmanns Færeyja, Anfinns Karlsbergs í heimabæ hans, Viðareyri á Viðoy.

síðan flogið til Glasgow og þar var haldinn sameiginlegur fundur með rótarýfélögum á staðnum. Síðan var flogið heim þaðan en nokkrir þátttakendur lengdu dvöl sína í Skotlandi.



Á góðri stundu á leið að Vestmannabjörgin.

Þessa er sérstaklega getið hér vegna þess að Færeyjaför klúbbfélaganna hafnfirsku varð til þess að rótarýfélagarnir í Þórshöfn komu til Íslands tæpum fjórum árum síðar eða í maí árið 1975. Þeir voru tuttugu og fimm talsins, félagar og konur. Forseti R.H. var þá Niels Árnason og tók hann myndarlega á móti gestunum eins og raunar allur klúbburinn, ekki síst þeir sem notið höfðu gestrisnarinnar í Færeyjum. Færeyingarnir dvöldust hér í fimm daga og var heimsóknin vel skipulögð og öllum til ánægju.

Önnur ferðin

Langmerkasta ferðalag klúbbsins var þó Færeyjaför í september 1985. Þetta var vikuferð og tóku þátt í henni um 40 manns, félagar, konur og venslafólk. Viðtökur í Færeyjum voru í einu orði sagt höfðinglegar. Var ferðast fram og aftur um eyjarnar, gist

á fjórum stöðum, lengst á Hótel Borg í Þórshöfn. Rótarýfundir voru í báðum klúbbum eyjanna, í Klakksvík og í Þórshöfn.

Fundurinn í Þórshöfn var í raun hátíð enda töldu þeir félagar sig gestgjafana og leifðu ekki af. Hafnfirðingar höfðu sérstakan rútubíl og bílstjóra til afnota og fóru víða. Svo vel vildi til að forseti R.H. 1983-84 var Helgi Þórðarson verkfræðingur og vann hann að undirbúningi ferðarinnar og taldist fararstjóri. Kona hans er færeysk, Þorgerður Mortensen, og var ekki verra að hún var með í för.

Þorgerður Mortensen er frá Frodba á Suðurey. Þau eru mörg systkinin og víða dreifð. En þau halda við húsi foreldra sinna og ættmenn koma þangað í fríum til hvíldar og samveru. Þar hélt Þorgerður hópnum dýrlega síðdegisveislu. Voru þrjú systkinin veitendur, tvær systur, önnur frá Íslandi, hin frá Austurlöndum fjær, og bróðirinn Nils sem býr í Frodba og annast um fjölskylduhúsið. Þótt frábærar veislur væru víða, í Kirkjubæ, á hótelum og í heimahúsum, er þetta hlýlega og myndarlega boð Þorgerðar og systkina hennar í fjölskylduhúsinu á Frodba ekki síst eftirminnilegt.



Í ullarverksmiðjunni Tøting þar sem margir keyptu peysur.

Frumkvöðull og fagurkeri

Sverrir Magnússon

Almar Grímsson skrifar:

Sverrir Magnússon apótekari var fæddur á Hofsósi 24. júní 1909. Foreldrar hans voru Magnús Einar Jóhannsson héraðslæknir þar og Rannveig Tómasdóttir kona hans. Sverrir var mikill námsmaður og að sama skapi með afbrigðum framkvæmdasamur og í raun eldhugi í öllum þeim verkum og athöfnum sem hann stóð fyrir. Hann lauk kandidatsprófi í lyfjafræði frá danska lyfjafræðiháskólanum árið 1935. Hann starfaði sem yfirlyfjafræðingur í Reykjavíkur Apóteki um 8 ára skeið og fór svo til framhaldsnáms í Bandaríkjunum 1944 og tók þar doktorspróf frá Purdue University í Indiana 1947.

Hafnarfjarðar Apótek

Sverrir átti m.a. frumkvæði að stofnun fyrirtækjanna Kemikalía og Pharmaco og var lengst af í stjórn þeirra. Ævistarf hans var þó sem apótekari í Hafnarfirði en þar tók hann við lyfsöluleyfi árið 1947 eftir nokkurn aðdraganda.

Stofnandi Hafnarfjarðar Apóteks var Sören Kampmann sem hóf starfsemina 21. apríl 1918 á jarðhæð Strandgötu 29 sem nú er Sjálfstæðishúsið. Á þeim tíma var Þórður Edilonsson héraðslæknir og bjó og hafði læknastofu sína í þessu húsi. Lét Þórður Kampmann eftir húsnæði fyrir apótekið til að byrja með.

Sören Kampmann réðst þegar í

stórframkvæmd er hann byggði reisulegt steinhús fyrir ofan fjörukambinn og rann lækurinn í sínum farvegi þar sunnan við húsið. Hafnarfjarðar Apótek var svo flutt í hið nýja hús að Strandgötu 34 árið 1921. Kampmann var farsæll í starfi og fara af honum ýmsar skemmtilegar sögur sem m.a. Stefán heitinn Júlíusson rithöfundur og fyrrverandi umdæmisstjóri hefur skráð í æskuminningum sínum „Byggðin í hrauninu“.

Sören Kampmann lét af störfum 1947 og fluttist þá til ættjarðar sinnar, Danmerkur. Nokkur óvissa var um lyfsöluleyfið og sýndi bæjarstjórn Hafnarfjarðar áhuga á að bærinn öðlaðist leyfið og tæki að sér reksturinn. Var það komið á reksþöl en ekki varð af því og Sverrir Magnússon sem þá var nýkominn frá Bandaríkjunum að afloknu doktorsprófi sótti um leyfið og fékk það.

Sverrir var apótekari Hafnarfjarðar Apóteks í nær 37 ár eða til ársloka 1984 þegar hann lét af störfum fyrir



aldursakir. Sverrir var í apóteksrekstrinum sem öllu öðru mikill frumkvöðull. Hann fylgdist vel með framförum í greininni og var augljóst að bæði menntun hans og áhrif frá Bandaríkjunum fylgdi honum. Hann byggði við apótekið og stofnaði þar verslun með ýmsar gjafa- og snyrtivörur sem hann nefndi Hafnarborg. Var þetta mjög í stíl við apótek í



Hafnarborg við setningu „Bjartra daga“ 2003. Á sumrin sitja menn undir gaffli Hafnarborgar að hætti innfæddra.



Bandaríkjunum sem eru byggð og rekin með þessum hætti.

Hann var einnig mjög ötull baráttumaður fyrir aukinni framleiðslu lyfja hérlendis í samkeppni við innflutt lyf. Hann styrkti mjög framleiðsludeildir apóteksins með nýjum tækjabúnaði og átti drjúgan þátt í stofnun framleiðsludeilda Pharmaco og síðar Delta.

Sverrir var einnig mjög virkur í félagsmálum apótekara og lyfjafræðinga og var ásamt Ingibjörgu Bøðvarsdóttur apótekara og fleirum einn helsti hvatamaður að stofnun Lyfjafræðisafns við Seltjörn þar sem fyrsta apótekið á Íslandi var stofnað í húsi Bjarna Pálssonar landlæknis. Þau Ingibjörg ásamt samstarfsmönnum lyftu Grettistaki bæði við fjáröflun, söfnun muna og uppsetningu þeirra í hinu nýja safni. Þetta framtak ber einnig glöggt vitni um hve vel Sverri lét að vinna í góðum hópi enda var eldhugur hans bráðsmitandi. Kristín Einarsdóttir lyfjafræðingur sem hefur starfað um áratugaskeið í Hafnarfjarðar Apóteki er nú formaður stjórnar safnsins og heldur þar uppi merki Sverris og annarra frumherja.

Hafnarborg



Slegið á stöðjann á tónleikum Óperukórs Hafnarfjarðar í Hafnarborg en salurinn þar þykir mjög hentugur til tónleika.

Þegar nær dró starfslokum Sverris sem apótekara vegna aldurs tók hann þá ákvörðun ásamt konu sinni Ingibjörgu Sigurjónsdóttur að gefa Hafnarfjarðarbæ og bæjarbúum hús-eignina að Strandgötu 34 ásamt veglegu safni listaverka og bóka með því fororði að þar yrði rekin stofnunin

Hafnarborg, menningar- og lista- stofnun Hafnarfjarðar.

Gjafabréf fyrir þessa höfðinglegu gjöf var afhent 1. júní 1983 á 75 ára kaupstaðarafmæli Hafnarfjarðar og



Frá glæsilegum fröluatónleikum í Hafnarborg í maí sl.

var staðfest í bæjarstjórn Hafnarfjarðar á hátíðarfundi sama dag.

Í gjafabréfinu var kveðið á um að sá er tæki við lyfsöluleyfinu af Sverri gæti rekið apótekið þar meðan hann óskaði. Mál skipuðust þannig eftir að eigendaskipti urðu á apótekinu 1. janúar 1985 og undirritaður tók við, að apótekið lét fljótlega eftir verulegan hluta af húsnæði til Hafnarborgar m.a vegna skipulagsbreytinga og samdráttar í eigin framleiðslu apóteksins. Þegar verslunarmiðstöðin Fjörður var byggð 1994-1995 flutti Hafnarfjarðar Apótek starfsemi sína þangað og þar með var öll húseignin nýtt af Hafnarborg.

Nú eru liðin 21 ár frá því að þau heiðurshjónin Sverrir og Ingibjörg lögðu grunn að stofnun Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar sem var opnuð formlega fimm árum síðar 21. maí 1988 og hefur allt frá því verið umgjörð um öfluga menningarstarfsemi, myndlistarsýningar og tónleikahald. Ingibjörg lést árið 1986 og Sverrir 4 árum síðar en þá hafði hann séð draum sinn um Hafnarborg rætast. Á afmælisdegi Hafnarfjarðar 1. júní eða sem næst honum er haldinn „Sverrisdagur“ í Hafnarborg til að minnast frumkvöðlanna Sverris Magnússonar og Ingibjargar Sigurjónsdóttur.

Höfundur er lyfjafræðingur.

Heimildir: Lyfjafræðingatal 1760-1982.

Eftirtöldum fyrirtækjum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn:

Trésmíðaverkstæði
GYLFA ehf.

Hólshrauni 5 • 565 4797

VERKJÓNUSTA KRISTJÁNS ehf
REYKJAVÍKURVEGI 68 • Sími 565 2100

ÞROTTEL 277 • 277 HAFNARFJÖRÐUR • 145 260 8888
BENNTUNLA 50891 • 2889 • 578 981 3038
BANKGI 545-26-612 • NETFANG: verkjona@kristjan.is

**VÉLAVERKSTÆÐI
JÓHANNIS ÓLAFS HF.**

Reykjavíkurvegi 70 • 555 2811

**Tannlæknastofa
Guðmundar Rúnars
Ólafssonar**

Reykjavíkurvegi 62 • 565 1411





Rótarýklúbbar á Íslandi og forsetar og ritarar 2004-2005

Rótarýklúbbar Akraness

Forseti

Guðlaugur Ketilsson
vélfraeðingur
24.10.1934, Rf. 15.12.1980
Garðabraut 17, 300 Akranes
hs. 431 1896, vs. 431 2296
vgk@simnet.is
Stgr.: Vélastillingar
Maki: Ingibjörg Rafnsdóttir



Ritari:

Bjarni O. V. Þóroddsson
tækniþræðistjóri
Furugrund 28, 300 Akranes
11.12.1943, Rf. 3.7.2002
hs. 431 1975, vs. 430 4058
bjarniov@honnun.is
Stgr.: Byggingatækniþræði
Maki: Kristín Dýrmondóttir



Rótarýklúbbar Akureyrar


Forseti

Ásgeir P. Ásgeirsson
héraðsdómari
Heiðarlundi 7e, 600 Akureyri
17.1.1944, Rf. 10.1.1986
hs. 462 2724, 899 9824
vs. 461 1007
apasg@tmd.is
Stgr.: Héraðsdómari



Ritari:

Halldór Jóhannsson
framkvæmdastjóri
Vættagili 32, 600 Akureyri
4.9.1960, Rf. 24.2.1989
hs. 461 3833, vs. 461 2800
halldor@teikn.is
Stg.: Landslagsarkitektúr
Maki: Fanney Sigrún Ingvadóttir



Rótarýklúbbar Borgarness

Forseti

Bjarni Kristinn Þorsteinsson
slökkviliðsstjóri
14.6.1959, Rf. 8.6.2000
Borgarvík 12, 310 Borgarnes
hs. 437 1738, 862 6222
vs. 437 2222
babu@simnet.is
Stgr.: Brunavarnir
Maki: Guðrún Kristjánsdóttir



Ritari

Erla Björk Ólafsdóttir
ljósmóðir
1.9.1954, Rf. 21.3.2002
Kveldúlfsgötu 13, 310 Borgarnes
s. 697 6016
ebol@simnet.is
Stgr.: Ljósmóðurstörf
Maki: Guðsteinn Einarsson



Rótarýklúbbar Eyjafjarðar

Forseti

Viðar Sigmarsson
18.6.1966, Rf. 11.1.2000
Móasiðu 9e, 603 Akureyri
hs. 463 0522, 864 0700
vs. 462 7874
vidar@unak.is
Stgr.: Tölvuþjónusta
Maki: Rannveig Hrafnkelsdóttir



Ritari

Helgi Þór Helgason
bóndi
26.10.1964, Rf. 1991
Bakka, 601 Akureyri
hs. 462 6841, 863 1650
Stgr.: Mjólkurbúskapur
Maki: Katrín Gestsdóttir



Rótarýklúbbar Hafnarfjarðar

Forseti

Sigurður Hallgrímsson
fyrrv. forstöðumaður
18.8.1932, Rf. 23.5.1985
Háabarð 7, 220 Hafnarfjörður
hs. 565 1366, 895 1366.
shhh@bakkar.is
Stgr.: Hafnarþjónusta
Maki: Erla Eiríksdóttir



Ritari

Björn Ólafsson
framkvæmdastjóri
26.8.1939, Rf. 6.12.1984
Krosseyrarvegi 9, 220
Hafnarfjörður
hs. 565 0497, 893 0934
bjol@heimsnet.is
Stgr.: Fiskútlutningur
Maki: Elín Jónsdóttir



Rótarýklúbbar Héraðsbúa

Forseti

Björn Ingvarsson
verkefnastjóri
16.8.1952, Rf. 7.1.1993
Stekkjarröð 12, 700 Egilsstaðir
hs. 471 1562, 894 0691
vs. 528 9725
bjoing@rarik.is
Stgr.: Raftækni
Maki: Karen Erla Erlingsdóttir



Ritari

Hjalmar Jólsson
fyrrv. apóptekari
21.04.1941, Rf. 5.1.1978
Sólvöllum 3, 700 Egilsstaðir
hs. 471 1470, 899 4396
hjalmar@simnet.is
Stgr.: Lyfjafræði
Maki: S. Erla Salómonsdóttir



Rótarýklúbbar Húsavíkur

Forseti

Hjörtur Tryggvason
fv. bókari
30.3.1932, Rf. 1964
Hjarðarhóli 20, 640 Húsavík
hs. 464 1238, 894 1238
Stgr.: Kirkjuvarsla
Maki: Auður Helgadóttir



Ritari


Hermann Larsen
bókari
Urðargarði 6, 640 Húsavík
hs. 464 1610, 855 2319
larsen@simnet.is
Stgr.: Bókhald
Maki: Kristrún Sigtryggsdóttir



Rótarýklúbbar Ísafjarðar


Forseti

Aðalsteinn Óskarsson
framkvæmdastjóri
8.6.1962, Rf. 23.11.2001
Seljalandsvegi 44, 400 Ísafjörður
hs. 456 3820, 862 6092
vs. 450 3000
adalsteinn@atvest.is
Stgr.: Sjávarútvegsfræði
Maki: Guðrún Hermannsdóttir



Ritari

Hinrik Kristjánsson
framkvæmdastjóri
18.3.1954, Rf. 24.10.2002
Eyrarvegi 13, 425 Flateyri
hs. 456 7728, 894 3028
hinrik@kambur.is
Stgr.: Fiskvinnsla
Maki: Ingibjörg Kristjánsdóttir



Rótarýklúbbar Keflavíkur

Forseti

Guðmundur Björnsson
innkaupastjóri
13.12.1945, Rf. 11.2.1982
Óðinsvöllum 14, 230 Keflavík
hs. 421 3204, 662 6989
gudmbj@internet.is
Stgr.: Byggingaverkfræði
Maki: Vilborg Georgsdóttir



Ritari

Sigfús Hlíðar Dýrfjörð
rafeindavirki
2.8.1952, Rf. 23.6.1994
Heiðarholti 33, 230 Keflavík
hs. 421 7171, vs. 425 2212
sigfusd@simi.is
Stgr.: Svæðisumsjón síma
Maki: Anna María Guðmundsdóttir





Rótarýklúbbar á Íslandi og forsetar og ritarar 2004-2005

Rótarýklúbbur Kópavogs


Forseti

Hreinn Bergsveinsson
deildarstjóri
6.7.1934, Rf. 26.9.1989
Funalind 13, 201 Kópavogur
hs. 5542072, 864 2072
hreinnb@bakkar.is
Stgr. Vátryggingar
Maki: Valgerður Pálsdóttir



Ritari

Sigfinnur Þorleifsson
sjúkrahússprestur
1.9.1949, Rf.
Birkigrund 27, 200 Kópavogur
hs. 5545630, vs. 543 1000
sigfinn@landspitali.is
Stgr.: Sjúkrahússprestur
Maki: Bjarnheiður Guðmundsdóttir



Rótarýklúbbur Mosfellssveitar

Forseti

Ingvar Á. Guðmundsson
innkaupastjóri
17.2.1945, Rf. 1.2.1973
Blásölum 14201 Kópavogur
hs. 564 2306, 824 4100
vs. 544 5510
ingvarg@ismennt.is
Stgr.: Verslun/innkaup
Maki: Kristín Andersen



Ritari

Jörundur Svavarsson
prófessor
25.8.1952, Rf. 29.5.2001
Arnartanga 39, 270 Mosfellsbær
hs. 566 6739, vs. 525 4610
jorundur@hi.is
Stgr.: Sjávarlíffræði
Maki: Sif Matthíasdóttir



Rótarýklúbbur Neskaupsstaðar

Forseti

Jón Björn Bragason
kerfisstjóri
22.4.1965, Rf. 2002
Nesbakka 7, 740 Neskaupsstaður
hs. 477 1003, 864 9800
vs. 470 7090
jonbjorn@svn.is
Stgr.: Rafmagnstækni- og
Maki: Ásta Huld Henrysdóttir



Ritari

Sigurður Rúnar Ragnarsson
sóknarprestur
20.5.1951, Rf. 27.10.1999
Blómsturvöllum 35, 740 Neskaupst.
hs. 477 1127, 896 9878
vs. 477 1766
sigurdur.runar@kirkjan.is
Stgr.: Sóknarprestur
Maki: Ragnheiður Hall



Rótarýklúbbur Ólafsfjarðar

Forseti

Ástríður S. Grímsdóttir
sýslumaður
13.3.1955, Rf. 4.10.2001
Ólafsvogi 40, 625 Ólafsfjörður
hs. 566 7105, 8967105
vs. 466 2223
astridur@tmd.is
Stgr.: Sýslumaður
Maki: Atli S. Ingvarsson



Ritari

Gunnar Þór Magnússon
framkvæmdastjóri
4.7.1938
Túngötu 9, 625 Ólafsfjörður
hs. 466 2139, vs. 660 2270
stig@mi.is
Stgr.: Framkvæmdastjóri
Maki: Brynja Sigurðardóttir



Rótarýklúbbur Ólafsvíkur


Forseti

Sævar Þórjónsson
málarameistari
27.4.1944, Rf. 14.9.1968
Ennishlíð 2, 355 Ólafsvík
hs. 436 1148, 853 6613
vs. 4361313
sveinn@skoli.is
Stgr.: Málaraíðn
Maki: Ásdís Kristjánsdóttir



Ritari

Sveinn Þór Elinbergsson
aðstoðarskólalastjóri
28.9.1956, Rf. 22.3.1984
Grundarbraut 44, 355 Ólafsvík
hs. 436 1251, 895 2651
sveinn@skoli.is
Stgr.: Grunnskólar
Maki: Inga Jóhanna Kristinsdóttir



Rótarýklúbbur Rangæinga

Forseti

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson
sveitarstjóri
14.8.1951, Rf. 29.11.1983
Laufskálum 4, 850 Hella
hs. 487 5210, vs. 487 5834
gig@rang.is
Stgr.: Stjórnun sveitarfélaga
Maki: María Busk



Ritari

Kjartan Þorkelsson
sýslumaður
16.9.1954, Rf. 16.5.2000
Hlíðarvegi 17, 860 Hvolsvöllur
hs. 487 8181, vs. 487 8125
kjartan@tmd.is
Stgr.: Sýslumaður
Maki: Unnur Brá Konráðsdóttir



Rótarýklúbbur Reykjavíkur

Forseti

Haraldur Sumarliðason
byggingarmeistari
2.7.1937, Rf. 19.6.1991
Miðhúsum, 112 Reykjavík
hs. 557 3178, vs. 892 5819
harsum@itn.is
Stgr.: Íbúðabyggingar
Maki: Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Ritari

Dagný Halldórsdóttir
verkfræðingur
22.10.1958, Rf. 30.6.1999
Ásbúð 27, 210 Garðabær
hs. 565 7569, 820 1000
vs. 820 1000
dagny@skima.is
Stgr.: Netþjónusta
Maki: Finnur Sveinbjörnsson



Rótarýklúbbur Sauðárkróks

Forseti

Ingimundur Kristján Guðjónsson
tannlæknir
25.2.1958, Rf. 10.4.1997
Ártúni 5, 550 Sauðárkrókur
hs. 453 6772, 899 8772
vs. 453 5252
huldaogmundi@simnet.is
Stgr.: Tannlækningar
Maki: Agnes Hulda Agnarsdóttir



Ritari

Ómar Bragi Stefánsson
framkvæmdastjóri
2.6.1957, Rf. 6.7.2000
Gilstúni 32, 550 Sauðárkrókur
hs. 453 6788, 898 1095
omar@umfi.is
Stgr.: Íþróttamál
Maki: María Björk Ingvadóttir



Rótarýklúbbur Selfoss

Forseti

Bryndís Brynjólfsdóttir
útíbússtjóri
4.12.1945, Rf. 30.5.1998
Vallholti 22, 800 Selfoss
hs. 482 1624, vs. 440 2470
bryndis@sjova.is
Stgr.: Tryggingar
Maki: Hafsteinn Már Matthíasson



Ritari

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri
21.8.1951, Rf. 13.10.1998
Sigtúni 7, 800 Selfossi
hs. 482 2234, vs. 482 1088
thorvard@sudurland.is
Stgr.: Stjórn málafræði
Maki: Ólafía Sigurðardóttir



Rótarýklúbbar á Íslandi og forsetar og ritarar 2004-2005

Rótarýklúbbur Seltjarnarness

Forseti

Jón B. Stefánsson
verkfræðingur
31.10.1942, Rf. 3.1.1992
Hofgördum 15, 170 Seltjarnarnes
hs. 562 4434, 862 4980
vs. 561 9040
jbs@isl.is
Stgr.: byggingarverkfræði
Maki: Guðrún Sveinsdóttir



Ritari


Ásgerður Halldórsdóttir
viðskiptafræðingur
6.6.1956, Rf. 8.3.2002
Bollagördum 1, 170 Seltjarnarnesi
hs. 561 9085, 861 9085
vs. 5152000
asgerdur@tmhf.is
Stgr.: Vátryggingastarfsemi
Maki: Kristján Guðlaugsson



Rótarýklúbbur Vestmannaeyja

Forseti

Guðbjörg Karlsdóttir
8.5.1956, Rf. 26.5.1998
Bessahrauni 3, 900 Vestm.eyjar
hs. 515 2690, 897 1862
vs. 481 1862
gudbjorg@tmhf.is
Stgr.: Tryggingaþjónusta
Maki: Haraldur Óskarsson



Ritari

Halldóra Magnúsdóttir
skólastjóri
17.7.1945, Rf. 5.12.1995
Bröttugötu 22, 900 Vestm.eyjar
hs. 481 2265, vs. 481 2265
hallmag@vestmanneyjar.is
Stgr.: Skólastjórn grunnskóla
Maki: Alan Friðrik Allison



Rótarýkl. Borgir, Kópavogi

Forseti

Guðjón Magnússon
framkvæmdastjóri
17.09.1945, Rf. 13.4.2000
Suðurgötu 7, 101 Reykjavík
hs. 562 6906, vs. 516 6000
gudjon.magnusson@or.is
Stgr.: Rafveitur
Maki: Margrét Pálsdóttir



Ritari

Anna Sigríður Einarsdóttir
forstöðumaður
14.8.1948, Rf. 13.4.2000
Meðalbraut 2, 200 Kópavogur
hs. 554 5021
vs. 585 5691
asein@hafnarfjordur.is
Stgr.: Bæjarbókasöfn
Maki: Hrafn Harðarson



Rótarýklúbburinn Gördum

Forseti

Ingibjörg Hauksdóttir
hjúkrunardeildarstjóri
08.12.1957, Rf. 13.11.2000
Hvannalundi 10, 210 Garðabær
hs. 565 6981, 864 6981
vs. 543 7470
ingihauk@landspitali.is
Stgr.: Hjúkrunarfræði



Ritari:

Logi Guðbrandsson
héraðsdómari
29.9.1937, Rf. 17.3.2003
Aratúni 5, 210 Garðabær
hs. 471 2758, vs. 560 4900
logig@hvippinn.is
Stgr.: Héraðsdómari
Maki: Krístrún Kristófersdóttir



Rótarýkl. Reykjavík-Austurbær

Forseti

Þorvarður Elíasson
skólastjóri
9.7.1940, Rf. 1979
Laufásvegi 68, 101 Reykjavík
hs. 561 3897, vs. 590 0600
thorvard@verslo.is
Stgr.: Skólastj. Verslunarskólans
Maki: Inga Rósa Sigursteinsdóttir



Ritari

Hulda Dóra Styrmsdóttir
framkvæmdastjóri
17.9.1965, Rf. 13.6.2002
Vesturvangi 26, 220 Hafnarfjörður
hs. 555 0095, 664 4601
vs. 440 4000
hulda.styrmsdottir@isb.is
Stgr.: Markaðsfræði
Maki: Haraldur Á. Hjaltason



Rótarýkl. Reykjavík-Árbær

Forseti

Jón Magneirsson
pípuþingameistari
10.8.1943, Rf. 7.10.1993
Þykkvabæ 14, 110 Reykjavík
hs. 587 2489, vs. 892 4598
joma@islandia.is
Stgr. Pípuþingur
Maki: Margrét Snorradóttir



Ritari

Jóhannes Gunnarsson
formaður
3.10.1949, Rf. 25.1.2001
Asparfelli 12, 111 Reykjavík
hs. 567 8454, 897 5008
vs. 545 1203
jg@ns.is
Stgr.: Neytendamál



Rótarýkl. Reykjavík-Breiðholt

Forseti

Hinrik Bjarnason
eftirlaunapegi
8.7.1934, Rf. 29.11.1993
Langagerði 21, 108 Reykjavík
hs. 568 1955, 895 1906
hinrikbj@mi.is
Stgr.: Útvarpsrekstur
Maki: Kolfinna Bjarnadóttir



Ritari

Friðrik Alexandersson
ráðgjafi og hönnuður
28.10.1947, Rf. 18.1.1993
Kambsvégi 3, 104 Reykjavík
hs. 568 4520, vs. 520 1700
fa@rafteikning.is
Stgr.: Rafdreifing
Maki: Þuríður Einarsdóttir



Rótarýkl. Reykjavík-Grafravogur

Forseti

Bjarni Þór Bjarnason
prestur
14.11.1962, Rf. 10.10.2001
Fannafold 87, 112 Reykjavík
hs. 565 8290, 899 6979
vs. 587 9070
srbjarni@grafarvogskirkja.is
Stgr.: Prestur
Maki: María Ágústsdóttir



Ritari

Bjarni Kr. Grímsson
deildarstjóri
17.7.1955, Rf. 19.6.2001 (1989)
Dalhúsum 79, 112 Reykjavík
hs. 587 2068, vs. 560 2362
bjarnikg@landspitali.is
Stgr.: Hagskýrslugerð
Maki: Brynja V. Eggertsdóttir
Áður í Rkl. Ólafsfjarðar 1989-93.



Rótarýkl. Reykjavík-Miðborg

Forseti

Gestur Ólafsson
arkitekt/skipulagsfræðingur
8.12.1941, Rf. 30.5.1994
Garðastræti 15, 101 Reykjavík
hs. 552 5723, 660 5722
vs. 561 6577
skipark@skipark.is
Stgr.: arkitektúr/skipulagsfræði
Maki: Guðbjörg Garðarsdóttir



Ritari

Rannveig Gunnarsdóttir
lyfjafræðingur
18.11.1949, Rf. 30.5.1994
Kjatanögötu 8, 105 Reykjavík
hs. 551 2798, vs. 520 2100
rannveig.gunnarsdottir@imca.is
Stgr.: Lyfjafræði
Maki: Tryggvi Pálsson






Rótarýklúbbar á Íslandi og forsetar og ritarar 2004-2005

Rótarýkl. Straumur Hafnarfirði

Forseti

Sigríður Kristjánsdóttir
framkvæmdastjóri
22.5.1957, Rf. 7.1.1999
Holtsgötu 4, 220 Hafnarfjörður
hs. 555 4504, vs. 525 0900
siggak@smfr.is
Stgr.: Proskapjálfun
Maki: Björn Kristján Svavarsson



Ritari

Randver C. Fleckenstein
ráðgjafi
16.6.1952, Rf. 10.2.2000
Amarhrauni 32, 220 Hafnarfjörður
hs. 555 4806, vs. 525 2075
randver@visa.is
Stgr.: Starfsmannafræðsla
Maki: Vilborg Jóhannsdóttir



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar er með allstóra spildu í fóstri og hefur plantað þar miklum fjölda trjáa og félagsmenn hafa fengið þar jólatré til styrktar framkvæmdasjóði klúbbsins.

Fyrri umdæmisstjórar úr Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar

Fyrsti umdæmisstjórinn úr klúbbum var **Þorvaldur Árnason**, skattstjóri, en hann var umdæmisstjóri 1954-55. Þorvaldur var fæddur á Ísafirði 5. janúar 1895 og fluttist til Hafnarfjarðar 1925. Hann var einn af stofnendum klúbbsins og forseti hans 1952-53. Starfsgreinar hans voru ullarmat og skattstjórn. Fyrri kona hans var Margrét Sigurgeirsdóttir og síðari kona Ingibjörg Guðmundsdóttir. Þorvaldur lést 15. apríl 1958.



Sverrir Magnússon, lyfsali, var umdæmisstjóri 1965-66. Hann var fæddur á Hofsósi 24. júní 1909. Hann varð lyfsali í Hafnarfjarðarapóteki 1947 og gekk í klúbbinn 10. nóv. 1950 og var forseti hans 1959-60. Starfsgrein hans í klúbbum var lyfsala. Fyrri kona hans var Jörunn Steinunn Jónsdóttir og síðari kona Ingibjörg Sigurjónsdóttir. Sverrir lést 22. júní 1990.



Valgarð Thoroddsen, rafmagnsveitustjóri, var umdæmisstjóri 1974-75. Hann var fæddur í Reykjavík 27. júlí 1906. Hann varð rafveitustjóri í Hafnarfirði 1938 og gegndi því starfi til 1961. Hann var einn af stofnendum klúbbsins og forseti hans 1955-56. Starfsgrein hans var rafmagnsverkfræði. Eigin kona hans var Marie Tuvnes frá Fröya í Noregi. Valgarð lést 10. júní 1978.



Stefán Júlíusson, rithöfundur, var umdæmisstjóri 1987-88. Hann var fæddur í Púfukoti í Kjós 25. sept. 1915 en fluttist ungur til Hafnarfjarðar. Hann varð kennari við Barnaskóla Hafnarfjarðar 1935 og kenndi þar og í Flensborg til 1963. Hann gekk í klúbbinn 12. des. 1948 og var forseti 1960-61. Starfsgreinar hans voru barnaskólar og ritstörf. Eiginkona Stefáns var Hulda Sigurðardóttir. Hann lést 20. febrúar 2002.



FJARÐAR

posturinn

þegar þú vilt ná til Hafnfirðinga!

www.fjardarposturinn.is

Af Vestur Íslendingum

— Árni Helgason

Almar Grímsson skrifar:

Sagan af flutningi Íslendinga vestur um haf og landnámi þeirra þar er margslungin og snertir í raun alla núlifandi íslendinga. Fullyrða má að hver maður geti fundið meiri eða minni ættartengsl þar vestra og mörg nýleg dæmi vitna þar um. Þannig er í fersku minni þegar einn af ferðafélögum okkar í ferð Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar um landnám Íslendinga í Norður Dakóta og Manitoba árið 2002, fann leiði langafa síns Þorsteins Kristjánssonar á Mikley. Af þeirri heimsókn hafa sprottið endurnýjuð tengsl skyldmenna og gagnkvæmar heimsóknir.

Í sinni einföldustu mynd er sagan af hinum miklu vesturferðum oftast tengd við landnámið á Nýja Íslandi við Winnipegvatn sem hófst með landtöku fyrstu landnemanna á Víðirnesi (Willow Point) 21. október 1875. Landnám þetta átti sér langan aðdraganda en það var fyrir tilstilli Dufferíns lávarðar að Íslendingum

var úthlutað landi þarna við vatnið og fyrsta byggðin þar nefnd Gimli. Dufferín lávarður sem þá var landsstjóri í Kanada hafði komið til Íslands nokkrum árum áður fyrir tilstilli Gríms Thomsen en þeir höfðu kynnst þegar Grímur var í utanríkisþjónustu Danakonungs m.a. með búsetu í London.

Sagnfræðingar skilgreina að tímabil vesturfaranna sé í raun frá því um 1850 þegar íslenskir mormónar fóru til Utah og allt fram að fyrri heimstyrjöldinni eða til 1914. Það eru til ógrynni sagna og heimilda um þessa miklu þjóðflutninga allt frá löngum sjóferðum yfir Atlantshafið og síðan tóku við erfiðar ferðir landleiðina og var t.d. ferð mormónanna alla leið vestur yfir Klettafjöll til Utah ótrúleg mannraun.

Segja má að það hafi tekið landnemana a.m.k. heila kynslóð að aðlagast nýjum heimkynnum og þá höfðu margir bæði börn og fullorðnir látið lífið af völdum sjúkdóma og erfiðs aðbúnaðar á leiðinni. Sagan segir einnig að þeir sem lifðu af hafi langflestir komist vel af og afkomendurnir menntast vel og orðið virtir og vel metnir samborgarar.

Langflestir vesturfaranna fóru frá heimkynnum sínum norðan og austan lands. Jafnframt allmargir af Vestfjörðum og vesturlandi og einnig frá



Árni Helgason ásamt Axeli Kristjánssyni, forstjóra Rafha.

Vestmannaeyjum og Suðurlandi og voru það einkum mormónarnir.

Fyrir nokkru var greinarhöfundur minntur á að einn vesturfaranna fluttist frá Hafnarfirði árið 1912. Árni Helgason var fæddur 16. mars 1891 sonur hjónanna Helga Sigurðssonar verkamanns í Hafnarfirði og Sigríðar Jónsdóttur. Við nánari öflun heimilda um Árna í Sögu Hafnarfjarðar og víðar kemur ýmislegt markvert í ljós.

Fyrst fara sögur af honum sem skósmíðanema og félagi í Leikflokki barnastúkunnar „Kærleiksbandið“ árið 1907. Árið 1908 er hans getið sem félagi í Lúðrasveit Hafnarfjarðar og ljóst er að hinn ungi skósmíðanemi lét mikið að sér kveða í margvíslegum félagsstörfum á táningsárunum. Segja má að hann hafi á þessu æviskeiði verið í reynd mikill frumkvöðull og framkvæmdamaður. Þannig segja heimildir að hann hafi verið forgöngumaður um sundkennslu í Hafnarfirði 1909 og sama ár er hans getið





sem umsjónarmanns skógræktarstöðvar að Viðistöðum.

Næst er hans getið sem skómiðs þá 18 ára að aldri og sem eins af stofnendum Ungmennafélagsins „17. júní“. Árna var sagður "lífið og sálin" í félaginu og stóð félagið m.a. fyrir glímuæfingum og keppni.

Árni Helgason flutti vestur um haf í ágústbyrjun 1912. Segja heimildir að mjög hafi dregið úr starfi ungmennafélagsins „17. júní“ eftir það og er það e.t.v. til marks um hve erfitt hefur verið að feta í fótspor hans. Árni átti eftir að koma meira við sögu Hafnarfjarðar eins og vikið verður að hér á eftir.

Ljóst er að Árni Helgason ákvað 21 árs að aldri að leita sér frekari menntunar og jafnvel frama í vesturheimi. Ekki hefur skort á hæfileikana eða viljann og vinnusemina. Eftir stutta viðkomu í Kanada flutti hann suður yfir landamærin til Norður Dakóta þar sem hann lauk prófi frá Fargo State College. Að því loknu gekk hann í bandaríska landherinn og var hermaður í Frakklandi í eitt ár þar til fyrri heimstyrjöldin lauk í nóvember 1918.

Eftir herþjónustuna hélt hann til framhaldsnáms við háskólann í Wisconsin þar sem hann lauk meistaraþrófi í rafmagnsverkfræði árið 1925 og helt að því búnu til starfa hjá „Thordarson Electrical Manufacturing Company“ í Chicago. Þar vann hann einkum við þróun á rafbúnaði í bifreiðar og stofnaði svo fljótlega eigið fyrirtæki „Chicago Standard Transformer Company“. Það fyrirtæki varð fljótt eitt af öflugustu fyrirtækjum í Bandaríkjunum við þróun og framleiðslu rafkerfa í bifreiðar.

Frami Árna var skjótur og varð hann viðkunnur fyrir störf sín. Ljóst er að heima á Íslandi var vel fylgst með störfum hans. Þannig var til hans leit að þegar nokkrir athafnamenn í Hafnarfirði höfðu hugmyndir um stofnun raftækjaverksmiðju. Árni tók virkan þátt í undirbúningi að stofnun RAFHA og var til hans leitað um að veita verksmiðjunni forstöðu en ekki tók hann því boði. Hins vegar veitti hann Axel Kristjánssyni sem síðar varð forstjóri RAFHA um langt árabíl og jafnan kenndur við fyrirtækið, mikla fyrirgreiðslu þegar Axel fór til

Bandaríkjanna í náms- og kynnisferð árið 1940.

Árni Helgason koma víða við í félagsmálum vestan hafs og sambandið við ættjörðina Ísland var honum ávallt ofarlega í sinni enda kom hann all nokkrum sinnum í heimsókn og hélt tryggð við skyldmenn og góða vini í Hafnarfirði. Hann tók þátt í að stofna félag íslendinga í Chicago - Icelandic Association of Chicago - og lagði sitt af mörkum til að Ísland varð fullgilt aðildarland að American Scandinavian Foundation. Hann varð fyrsti ræðismaður (Honorary Consul) Íslands í Bandaríkjunum og fara sögur af því hversu virkur hann var í ræðismannasamfélagi Chicago.

Árni hlaut margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín. Háskólinn í Norður Dakóta veitti honum t.d. heiðursdoktorsnafnbót árið 1940. Hann var sæmdur riddarakrossi fálkaorðunnar 1939 og svo stórriddarakrossi þegar Ísland var orðið lýðveldi 1944.

Árni var löngum heilsuhraustur og hélt tryggð við sunnið sem hann hafði byrjað að kenna kornungur maður í fjörunni við Hafnarfjörð. Það er táknað að hann lést 11. desember 1968 við sunniðkun í Chicago Athletic Association þar sem hann mætti a.m.k. tvisvar í viku.

Árni lét eftir sig eiginkonu Kristínu sem ættuð var úr Skagafirði og lést hún nokkrum árum síðar. Þeim varð ekki barna auðið. Kristín ekkja Árna gaf Hafnarfjarðarbæ bókasafn þeirra árið 1971 og er það varðveitt í byggðasafninu. Þá hafði Árni nokkru áður gefið Hafnarfjarðarkirkju veglegan sjö arma kertastjaka til minningar um foreldra sína.

Höfundur er lyfjafræðingur og áhugamaður um sögu Vesturfaranna.

Heimildir:

- Saga Hafnarfjarðar 1908-1983, I-III.
- Munnlegar og skriflegar upplýsingar frá Poul Sveinbjorn Johnson frv. ræðis-manni í Chicago.

Úr klúbbstarfinu

Sultan

Margir klúbbfélaga hafa verið í klúbbnum í áratugi og orðnir býsna heimavanir. Létu þeir ekki kokkinn alltaf segja sér hvað ætti heima á borðum hverju sinni. Jón Kr. Gunnarsson, sem nú er látinn, var mikill húmoristi og matmaður. Þegar kjötbollur eða kótelettur voru í boði og engin sulta var borin fram átti hann það til að kveða sér hljóðs og lýsa áhyggjum sínum að sultuskorti. Þessi árvekni Jóns gagnaðis öðrum vel og nú er Jóns enn minnst við samþærileg tækifæri. Á fundi fyrir stuttu stóð einn fundarmanna á fætur og sagði að nú hefði Jón Kr. ekki verið sáttur. Þjónninn var fljótur að skilja sneiðina og sótti sultuna með hraði.



Þorablótin

Þorablót klúbbsins höfðu í gegnum tíðina aðeins verið fyrir karla og ekki þótt tilhlýðilegt að bjóða konunum með. Hornið góða sem Inner Wheel klúbburinn gaf kom að góðum notum en hornið var þannig útbúið að ekki var hægt að leggja það frá sér.

Nú eru konur jafngildar í klúbbinn og karlar og enginn ræðir um kyn né kynjadrætti.



Orkuveita Reykjavíkur



HÆSTÁNÆGÐ
MEÐ FRÍÐ!

FERÐALÁN SPH

Viltu gera draumaferð þína að veruleika?

- Hagstæðari kjör en á raðgreiðslusamningnum
- Lán til allt að 4 ára
- 50% afsláttur af lántökugjaldi til 1.9.2004

Þú getur fengið allar nánari upplýsingar
á www.sph.is eða hjá þjónustufulltrúum okkar

Ánægðustu viðskiptavinirnir!

*Viðskiptavinir Sparisjóðsins eru þeir ánægðustu
í bankakerfinu samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni*

sph 
– með ánægju!

Þau bæta hvort annað upp
eins og gerist í góðum samböndum



Priority Pass
fylgir Viðskiptakortinu
og veitir aðgang að
biðstofum á helstu
flugvöllum heims.

VISA-tvenna – hagræðing sem skilar sér.

Gullkort fyrir einkaútgjöldin og VISA Business kort fyrir reksturinn.
Þú færð tvö kort en greiðir einungis árgjald af dýrara kortinu.



Ferðapunktur

Handhafar VISA Business korta geta verið meðlimir í Vildarklúbbi
Icelandair og safnað Ferðapunktum. Þeir ávinna sér **12 punkta**
á 1.000 kr. veltu innanlands.

Hægt er að nýta punktana til farseðlaúttekta hjá Icelandair.

Þú sækir um VISA-tvennu í næsta banka/sparisjóði.

Einnig ef þú ert nú þegar með annað kortið en vilt bæta hinu við.

